

ÍSLANDS  
MYND  
MYND  
STEF  
HÖFUNDA  
SJÓÐUR

ÁRS- OG GAGNSÆISSKÝRSLA  
MYNDSTEFIS  
fyrir árið 2022



MYNDSTEF - Myndhöfundasjóður Íslands

júní 2023

## Efnisyfirlit

Ávarp framkvæmdastjóra .....	3
Áritun stjórnar .....	4
Árleg eftirlitsskýrsla Fulltrúaráðs .....	5
Hagsmunaskrá .....	7
1. Gagnsæisskýrsla.....	8
a. Reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur yfir fjárhagsárið og yfirlit um sjóðstreymi .....	8
b. AÐGERÐARSKÝRSLA - skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu .....	8
Stjórn Myndstefs og stjórnarfundir .....	9
Skrifstofa Myndstefs - starfsmannahald .....	9
Aðalfundur Myndstefs 2022 .....	10
Kynningar og fræðsla um höfundarétt.....	10
Innlent samstarf.....	11
IHM kapall – endurvarp .....	15
KÍM, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar .....	15
Samtök skapandi greina.....	15
Bakland Listaháskóla Íslands.....	16
Erlent samstarf.....	16
DSM tilskipunin .....	17
Ný stefna í myndlist .....	18
Ný stefna í hönnun og arkitektúr .....	18
Samningamál.....	19
Hljóðbókasafnið .....	20
Hönnunarsafnið .....	20
Lögfræðiráðgjöf til félagsmanna .....	21
FYLGIRÉTTUR.....	22
SÍK Samstarf .....	22
Kynningarmál .....	22
Sameiginleg úthlutun þar sem ekki er unnt að úthluta einstaklingsbundið (styrkir).....	23
Muggur.....	23
Styrkur vegna dómsmáls.....	24
c. Upplýsingar um synjun leyfisveitingar skv. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga.....	25
d. Lýsing á rekstrarformi að lögum og stjórnunarháttum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, .....	26
e. Upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta .....	28
f. Upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem er greidd einstaklingum sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 9. gr. á næstliðnu ári og önnur fríðindi sem þeim eru veitt .....	28
g. fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. lið viðauka USL.....	28
h. Sérstök skýrsla um notkun fjárhæða sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, með upplýsingum sem um getur í 3. lið viðauka USL.....	28
2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu:.....	29
a. Upplýsingar um tekjur af réttindum, fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar (t.d. útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis, netnotkun, opinberan flutning), þ.m.t. upplýsingar um tekjur af fjárfestingu réttindatekna og notkun slíkra tekna (hvort þeim sé úthlutað til rétthafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana eða notaðar á annan hátt), .....	29
b. upplýsingar um kostnað við umsýslu réttinda og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum, ásamt ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:.....	31
i. allur rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði.....	31
ii. rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði, einungis að því er varðar	

réttindaumsýslu, þ.m.t. umsýslukostnaður sem dreginn er frá eða jafnaður á móti tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu á réttindatekjum í samræmi við 12. gr. og 1.–3. mgr. 14. gr.,.....	33
iii. rekstrar- og fjárhagskostnaður að því er varðar þjónustu aðra en réttindaumsýslu en að meðtalinni félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu,.....	33
iv. fjármagn notað til að greiða kostnað, .....	33
v. frádráttur frá tekjum af réttindum, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og eftir tegund notkunar og af hverju frádrátturinn stafar, svo sem kostnaður er varðar réttindaumsýslu eða félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu,.....	34
vi. hlutfallið sem kostnaður við réttindaumsýslu og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir réttihöfum tengist í samanburði við réttindatekjur á viðkomandi fjárhagsári, eftir flokki þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar kostnaður er óbeinn og ekki hægt að skipta honum niður á einn eða fleiri flokka réttinda, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að úthluta slíkum óbeinum kostnaði,.....	34
c. Upplýsingar um réttindagreiðslur til rétthafa með ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum: .....	35
i. heildarfjárhæðinni sem er úthlutað á rétthafa, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, .....	35
ii. heildarfjárhæðinni sem er greidd réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, .....	35
iii. tíðni greiðslna, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, .....	35
iv. heildarfjárhæð sem er innheimt en hefur enn ekki verið úthlutað réttihöfum, sundurliðaðri eftir flokkum réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar viðkomandi fjárhæðir voru innheimtar, .....	35
v. heildarfjárhæð sem úthlutað hefur verið til rétthafa en hefur ekki verið útborguð, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar þessar fjárhæðir voru innheimtar, .....	36
vi. þegar sameiginleg umsýslustofnun hefur ekki útborgað réttindagreiðslur innan þess frests sem settur er í 2. mgr. 15. gr., ástæðum þessarar tafar,.....	36
vii. óráðstafanlegum fjárhæðum í heild, ásamt skýringu á notkun þessara fjárhæða,.....	36
d. upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir með lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum: .....	37
i. mótteknum fjárhæðum frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum og fjárhæðum sem greiddar eru til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum, .....	37
ii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá réttindatekjum til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum, .....	38
iii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá þeim fjárhæðum sem aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir greiða, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda og eftir stofnunum,.....	38
iv. fjárhæðum sem er úthlutað beint til rétthafa og koma frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sundurliðuðum eftir flokki réttinda og stofnunum.....	39
3. Upplýsingar sem ber að gefa í gagnsæisskýrslu.....	39
a. fjárhæðirnar sem eru dregnar frá vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu á fjárhagsárinu, sundurliðaðar eftir tegund tilgangs og, fyrir hverja tegund tilgangs, sundurliðaðar eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,.....	39
b. útskýring á notkun þessara fjárhæða, sundurliðuðum eftir tegund tilgangs, þ.m.t. kostnaður við umsýslu fjárhæða sem dregnar eru frá til að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og sérstakra fjárhæða sem notaðar eru fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu.....	41
VIÐAUKI I - Ársreikningur.....	43
VIÐAUKI II - Stefur.....	56

**Skýrsla þessi er tekin saman af starfsmönnum Myndstefs, fyrir aðalfund Myndstefs 2023.**

**Drög 13.6.2023, kynnt á aðalfundi 2023. Birt með fyrirvara um breytingar á aðalfundi.**

**Endanleg skýrsla birt á vef Myndstefs í júlí 2023.**

**Mynd á forsíðu: Ragnar Th. Sigurðsson**

**Myndir á baksíðu: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir**

**Aðrar myndir: Ragnar Th. Sigurðsson, Guðmundur Skúli Viðarsson, og Vera Sveinbjörnsdóttir**

## Ávarp framkvæmdastjóra



Myndstef eru höfundaréttarsamtök sem starfa í þágu myndhöfunda og sjónlistafólks og standa vörð um höfundarétt höfunda og rétthafa, þar með talið myndlistarfólks, ljósmyndara, arkitekta og hvers kyns hönnuða.

Ein grundvallarforsenda starfsemi myndhöfunda og sjónlistafólks er að höfundum sé gert kleift að búa til og miðla efni sínu, en miðlun listar skiptir að sjálfsögðu verulegu máli fyrir samfélagið allt. Lög um höfundarétt tryggja rétt höfunda og auðvelda þeim að miðla verkum sínum, án þess að hafa áhyggjur af því að brotið sé á höfundarétti þeirra. Myndstef stendur vörð um höfundarétt myndhöfunda með ýmsum leiðum.

Myndstef innheimtir höfundaréttargjöld fyrir endurnot verka og fylgiréttargjöld við endursölu og uppboð á myndlist, og greiðir út til höfunda ársfjórðungslega. Samtökin innheimta einnig kollektívar tekjur, þ.e. ekki persónubundnar tekjur, heldur greiðslur frá aðilum eins og listasöfnum, vegna almennrar notkunar á höfundaréttarvörðum verkum. Slíkum tekjum er úthlutað t.d. í formi styrkja á vegum Myndstefs, til þess að styðja við höfunda og stuðla að áframhaldandi listsköpun.

Myndstef veitir félagsfólki ókeypis lögfræðiráðgjöf um höfundarétt og eru talsvert margir höfundar sem leita til Myndstefs um ráðgjöf og aðstoð vegna ýmis konar mála.

Myndstef veitir fræðslu um höfundarétt og tekur iðulega vel í beiðnir um kynningar frá aðildarfélögum og fleiri aðilum, enda telur Myndstef afar mikilvægt að notendur myndverka og sjónlistar, sem og myndhöfundar sjálfir og almenningur allur ætti að hafa skilning á höfundarétti og hvað hann felur í sér.

Myndstef fylgist með stefnumótun og leitast við að hafa áhrif á þróun laga og reglna svo og viðskiptahátta á þessu sviði og annast samningagerð félagsmanna við opinbera aðila og einkaaðila um höfundaréttarleg hagsmunamál félagsmanna.

Fimma manna stjórn er yfir samtökunum og hjá samtökunum starfa tveir starfsmenn í hlutastarfi. Sérstakt fulltrúaráð skipað fulltrúum aðildarfélaganna hefur eftirlit með starfsemi stjórnar og fjallar um starf og stefnu Myndstefs. Aðildarfélög eru 19 talsins þegar þetta er skrifað. Samtökin eru ekki rekin í hagnaðarskyni og reynt er að lágmarka umsýslukostnað vegna skrifstofunnar eins og hægt er.

Samtökin starfa á grundvelli höfundalaga, laga um sameiginlega umsýslu höfundarréttar (umsýslulög) og hefur haft viðurkenningu ráðuneytis sem fer með höfundaréttarmál um árabíl. Samtökin eru í ferli að öðlast formlega viðurkenningu á grundvelli hinna nýju umsýslulaga. Lögin byggja á samevrópskum kröfum, sem eru talsvert ítarlegar, þar sem gerðar eru ýmsar kröfur til starfseminnar svo sem um að birta árlega gagnsæisskýrslu sem birtist hér í fyrsta skipti. Útlistað er í viðauka með umsýslulögum hvað skal koma fram í gagnsæisskýrslu og til glöggvunar er því notast við sömu kaflaheiti og í umsýslulögum.

Á síðasta ári var unnið ótullega að ýmsum málum innan Myndstefs. Má þar helst nefna að á árinu 2022 lauk máli varðandi ágreining um skiptingu á IHM greiðslum, með niðurstöðu gerðardóms. Skrifað var undir samninga um samningskvaðir við söfn og fleiri aðila. Alþjóðasamstarf var eftt með inngöngu Myndstefs í CISAC, sem eru alþjóðleg höfundaréttarsamtök. Þá voru veittir styrkir til myndhöfunda fyrir 17 milljónir króna.

Í október sagði framkvæmdastjóri Myndstefs starfi sínu lausu. Ég kann fráfarandi framkvæmdastjóra, Aðalheiði Dögg Finnsdóttur Helland góðar þakkir fyrir vel unnin störf á undanförunum árum og óska henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Undirrituð tók við 1. janúar 2023. Það er mikill heiður að fá að starfa fyrir Myndstef og starfa með fjölda skapandi listafólks. Samtökin hafa vaxið og eflst frá stofnun þeirra árið 1991, og má þakka það því góða starfi sem unnið hefur verið á vegum samtakanna og því óeigingjarna starfi sem starfsfólk og stjórnendur hafa tekist á hendur. Ég fagna tækifærinu að fá að halda áfram þessu starfi og takast á við þau verkefni og áskoranir sem framundan eru. Ég tel mikilvægt að það sé hlúð að skapandi greinum í samfélaginu og að stutt sé vel við fólk sem auðgar samfélagið okkar með listsköpun.

Reykjavík, 13. júní 2023

**Vera Sveinbjörnsdóttir,**  
**Framkvæmdastjóri Myndstefs**

## Áritun stjórnar

Stjórn Myndstefs skipa:

Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmyndari

Guðrún Erla Geirsdóttir – Gerla, myndhöfundur

Logi Bjarnason, myndhöggvari/myndlistarmaður

Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari, sem jafnframt er formaður stjórnar

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, lýsingarhönnuður og innanhússarkitekt



## Árleg eftirlitsskýrsla Fulltrúaráðs

Fulltrúaráð Myndstefs er skipað aðilum frá hinum 19 aðildarfélögum Myndstefs. Hlutverk fulltrúaráðs er að móta stefnu Myndstefs og hafa eftirlit með starfseminni.

Fulltrúaráðs Myndstefs kom saman einu sinni á árinu 2022, auk aðalfundar. Fundurinn var haldinn þann 15. mars 2022 í Fenjamýri, Grósku.

### Fundargerð fulltrúaráðsfundar Myndstefs 15. mars 2022

**Mætt:** Rósa Dögg Þorsteinsdóttir (Miðstöð hönnunar og arkitektúrs & Félag húsgagna og innanhúsarkitekta – stjórnarmeðlimur), Hrólfur Karl Cela (Arkitektafélag Íslands), Daði Harðarson (Leirlistafélagið), Gunnar Gunnarsson (Félag íslenskra landslagsarkitekta), Eygló Margrét Lárusdóttir (Fatahönnunarfélag Íslands), Guðrún Erla (Gerla) Geirsdóttir (Samband íslenskra myndlistarmanna - stjórnarmeðlimur), Þórdís Ágústsdóttir (Félag íslenskra samtímaljósmyndara), Elísabet (Íslensk grafík), Katrín Inga Jónsd. Hjördísard. (Myndhöggvarafélagið í Reykjavík), Logi Bjarnason (stjórnarmeðlimur), Ragnar Th. Sigurðsson (stjórnarformaður), Harpa Fönn Sigurjónsdóttir (lögfræðingur Myndstefs).

*Fundarpunkta rituðu Rósa Dögg Þorsteinsdóttir og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir.*

#### 1. Aðildarsamningar

Ákveðið var að skrifa undir aðildarsamningana eins og þeir líta út í dag. Fulltrúar aðildarfélaga sem mættir voru á fundinn undirrituðu samning.

Hin félögin þurfa að undirrita aðildarsamning sem fyrst. Hægt er að gera það á skrifstofu Myndstefs að Skólavörðustíg eða rafrænt. Hafa skal samband við skrifstofu Myndstefs (myndstef@myndstef.is) til þess að klára það.

#### 2. Skipulag stjórnar

Rætt um hvort fjölga ætti í stjórn Myndstefs þannig að stjórn væri frekar 6 en 5. Rætt að fulltrúaráð tilefni þá frekar 3 aðila í stað 2. Hér er sérstaklega verið að huga að aðkomu allra fagstétta að stjórn og skipulagi Myndstefs, og bein aðkoma starfsfólks og skrifstofu Myndstefs að höfundum og réttihöfum. Hugmynd frá Gerlu um að leggja frekar áherslu á að finna þessum “munaðarlausu” hópum heimili innan þeirra fagfélaga sem þegar eru. T.d. eiga félagar Fyrirmyndar kannski frekar heima undir Samband íslenskra myndlistarmanna (SÍM), og þá sem sérstakt aðildarfélag? Eiga hönnuðir tölvuleikja heima innan Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (MHS)? Og gæti Félag leikmynda- og búningahöfunda átt þar heima einnig? Eiga kvikarar heima innan SÍM eða MHS? Hvað með félag kvikmyndatökufólks? MHS og SÍM ætla að skoða málið sín megin.

**Ályktun:** Fulltrúaráð skorar á þá hópa sem standa utan regnhlífasamtaka eða aðildarfélaga að skoða aðild að fagfélögum Myndstefs eða regnhlífasamtökum.

#### 3. Úthlutunarnefnd Myndstefs

Rætt var um úthlutunarfyrirkomulag styrkja. Greiðslur sem renna í sjóð Myndstef vegna „kollektífrar“ innheimtu, munu renna hlutfallslega í styrki tengda hverju fagi. Tillaga frá stjórn og fulltrúaráði að útrýma fylgiréttarsjóði og sameina hann inn í styrktarsjóðinn, og

leggja frekar áherslu á skiptingu heildarsjóðs eftir réttindum, til að gæta jafnræðis á milli fagstétta. Spurning einnig að hér þarf að vekja athygli ýmissa fagstétta að sjóðnum, en Hrólfur tók fram að yfirgnæfandi meirihluti umsækjenda þegar hann var í nefnd hefðu verið myndlistarmenn. Mikilvægt að í umsóknarforminu sé skylda að merkja við innan hvaða “geira” verkefnið fellur, og merkja við fleiri en eitt ef svo á við. Þetta fyrirkomulag er nú þegar í gildi.

**Ályktun:** Fundurinn leggur fram tillögu að innri úthlutunarreglum sé breytt á þá leið að tryggt verði að valið sé í úthlutunarnefnd byggð á þremur stoðum Myndstefs, þ.e. að alltaf verði 1 úr ljósmyndun, 1 úr myndlist, 1 úr hönnun og arkitektúr.

#### 4. DSM tilskipunin

Upplýst um stöðu mála frá Hörpu, einnig var sent upplýsingaskjal með fundarboði.

**Ályktun:** Mikilvægt að allir sjónhöfundar standi saman þegar kemur að því að gera samninga í samræmi við 15. og 17. gr. og upplýsi vel um 3. kafla DSM. Samstaða er rík um þetta efni.

#### 5. Einstaklingsaðild

Fundurinn viðurkennir að það sé há tala meðlima með einstaklingsaðild (316 af 2.580), og er það áhyggjuefni því þessi hópur hefur ekki beinan fulltrúa í fulltrúaráði, og erfiðar það einnig samtal og samskipti skrifstofu Myndstefs við þennan hóp, sem og gerir baráttu vegna höfundaréttar og hagsmuna þessa hópar erfiðari. Fundurinn telur að ef stofnuð væru regnhlífasamtök ljósmyndara og það takist að koma öðrum þeim sem standa utan félaga undir sín fagfélög eða regnhlífasamtök, þá lækki þessi tala og óparfi sé fyrir þennan óskilgreinda hóp að hafa einstaklingsaðild og því fulltrúa í fulltrúaráði.

**Ályktun:** Aðgerðarplanið er að fækka þeim sem eru með einstaklingsaðild um helming og ná inn í félagsaðild í staðinn. Varðandi erfingja, þá er ekki tilefni til að þeir fái sérstakt sæti í fulltrúaráði, þar sem mál þeirra eru ekki eins dýnamísk og pólitísk og mál lifandi höfunda. Tekið var þó fram að eðlilegt er að þessir erfingja geti leitað til síns fagfélags, ef svo þarf.

#### 6. Önnur mál

Ekki var fleira tekið fyrir á fundi, og hefur fulltrúaráð Myndstefs ekki fleiri ábendingar eða ályktanir til stjórnar eða skrifstofu samtakanna.

Fulltrúaráð hefur hér með fengið allar þær upplýsingar sem ráðið hefur falast eftir, og hefur haft tök á því eftirliti sem lög nr. 88/2019, kveða á um, og hefur hér með beint ályktunum að stjórn og skrifstofu samtakanna, og telur eftirliti sínu hafa verið sinnt eins og kostur var á.

## Hagsmunaskrá

Engir hagsmunaárekstrar eru á milli framkvæmdastjóra og Myndstefs, sem stjórnanda, og fær framkvæmdastjóri engar réttindagreiðslur frá félaginu. Þess skal þó getið að móðir framkvæmdastjóra, Arnfríður Lára Guðnadóttir, er félagi í einu aðildarfélagi, Leirlistafélaginu og var formaður Leirlistafélagsins á árunum 2002-2005.

Í stjórn Myndstefs sitja höfundar, og upp getur komið sú staða að stjórnarmeðlimir geta átt rétt á fylgiritargreiðslum eða höfundaréttargreiðslum, vegna verka sinna.

Engir stjórnarmeðlimir hlutu réttindagreiðslur í formi styrkja á árinu 2022.

Á árinu 2022 var um engar réttindagreiðslur að ræða til stjórnarmeðlima.

Við styrkveitingar úr sjóðum Myndstefs er þess ávallt gætt að óháð úthlutunarnefnd úthluti styrkjum og er fyllstu fagmennsku gætt við úthlutun styrkja. Samkvæmt úthlutunarreglum skulu fulltrúar í úthlutunarnefnd hverju sinni upplýsa um vanhæfi og víkja sæti ef um vanhæfi er að ræða.



## 1. Gagnsæisskýrsla

Gagnsæisskýrsla í samræmi við þær kröfur sem lagðar eru fram í lögum nr. 88/2019 um sameiginlega umsýslu höfundaréttar (umsýslulög) birtist hér í fyrsta skipti fyrir Myndstef.

Skýrslan er talsvert ítarlegri en áður hefur tíðkast, en talin var full ástæða til þess að þessi árs- og gagnsæisskýrsla gæfi sem gleggsta mynd af starfsemi Myndstefs.

Í viðauka umsýslulaga eru skilgreindar þær upplýsingar sem sameiginlegum umsýslustofnunum á sviði höfundaréttar ber að útlista. Þær eru hér að aftan að mestu leyti í sömu röð og þær eru skilgreindar í viðauka umsýslulaga, til hagræðis.



a. Reikningsskil sem innihalda efnahagsreikning eða yfirlit yfir eignir og skuldir, rekstrarreikningur yfir fjárhagsárið og yfirlit um sjóðstreymi

Ársreikningur, efnahagsreikningur og rekstrarreikningur fyrir fjárhagsárið, sem og yfirlit yfir sjóðsstreymi, er meðfylgjandi þessari skýrslu, sjá viðauka I.

b. AÐGERÐARSKÝRSLA - skýrsla um aðgerðir á fjárhagsárinu.

Á síðasta ári var unnið ötullega að fjölmörgum málum innan Myndstefs.

Varðandi helstu aðgerðir á fjárhagsárinu ber helst að nefna niðurstöðu í IHM máli. Á árinu 2022 lauk máli varðandi ágreining milli félaga innan IHM, um skiptingu á IHM greiðslum. Gerðardómur féll í málinu þann 25. maí 2022. Niðurstaða dómsins var sú að hlutur Myndstefs hækkar úr 5,8% í 7%, fyrir tímabilið 2017-2027. Í lok árs barst Myndstefi greiðsla upp á kr. 28.223.298, vegna greiðslna fyrir árin 2017-2021 vegna gerðardómsins. Í tilefni af þessum áfangasigri var haldin aukastyrkveiting á árinu 2023 og hafa þegar verið veittir styrkir fyrir 10 m.kr. Greiðsla IHM samkvæmt hinum nýju útreikningum fyrir árið 2022 nam kr. 14.686.523.

Á árinu var lögð áhersla á að efla alþjóðastarf og það eflt til muna með inngöngu Myndstefs í CISAC, sem eru alþjóðleg höfundaréttarsamtök. Jafnframt var skrifað undir samningskvaðasamninga við söfn og fleiri aðila. Sérstök áhersla var einnig lögð á að leggja ljósmyndurum lið við að stofna Ljósmyndamiðstöð Íslands, regnhlífarsamtök fyrir alla ljósmyndara, sem er mikilvægt skref áður en að DSM tilskipunin verður innleidd hér á landi. Þá voru veittir styrkir til myndhöfunda fyrir 17 milljónir króna.

## Stjórn Myndstefs og stjórnarfundir

Stjórnarfundir Myndstefs voru haldnir mánaðarlega (ekki í júlí og des) og má finna dagskrár stjórnarfundu s.l. mánaða á vefsíðu Myndstefs.

### Stjórn skipa:

Guðmundur Skúli Viðarsson, ljósmyndari  
Guðrún Erla Geirsdóttir – Gerla, myndhöfundur  
Logi Bjarnason, myndhöggvari/myndlistarmaður  
Ragnar Th. Sigurðsson, ljósmyndari, sem jafnframt er formaður stjórnar  
Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, lýsingarhönnuður og innanhússarkitekt

## Skrifstofa Myndstefs - starfsmannahald

Starfsárið 2022 voru Aðalheiður Dögg Finnsdóttir Helland, framkvæmdastjóri Myndstefs, og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir, lögfræðingur, einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs, og störfuðu þær báðar í hlutastörfum. Einnig fær formaður greitt mánaðarlega fyrir störf sín fyrir samtökin, sem nemur 10% starfshlutfalli. Í október 2022 sagði Aðalheiður starfi sínu lausu, þar sem henni hafði boðist annað starf, og við tók leit að nýjum framkvæmdastjóra. Aðalheiður lækkaði starfshlutfall sitt jafnt og þétt, en lauk svo störfum formlega þann 31. desember 2022.

Aðalheiður hefur unnið mikið þrekvirki fyrir samtökin, opnað starfsemina umtalsvert, og stuðlað að aukinni hagkvæmni og gagnsæi í rekstri samtakanna. Hún tók á móti verkefnum og félagsmönnum Myndstefs með einskærri hlýju og samvirkusemi, fagmennsku og jafnræði, og mörg verkefni áunnist og sóknarfæri nýtt undir hennar framkvæmdastjórn. Stjórn og skrifstofa Myndstefs þakkar Aðalheiði innilega fyrir vel unnin störf, og óskar henni velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn í kjölfarið og tók Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur, til starfa 1. janúar 2023.

Skrifstofa Myndstefs er á Skólavörðustíg 12, 3. hæð, og er opin mánu-, miðviku- og föstudaga frá kl. 10.00-14.00. Tölvupóstur samtakanna er [myndstef@myndstef.is](mailto:myndstef@myndstef.is) og símanúmer 562 – 7711.

Vera Sveinbjörnsdóttir, lögfræðingur,  
framkvæmdastjóri Myndstefs frá 1. janúar  
2023.

[vera@myndstef.is](mailto:vera@myndstef.is)



Harpa Fönn Sigurjónsdóttir er lögfræðingur  
samtakanna í hlutastarfi, og hefur starfað í  
hlutastarfi hjá samtökunum síðan árið 2012.

[harpafonn@myndstef.is](mailto:harpafonn@myndstef.is)



## Aðalfundur Myndstefs 2022

Aðalfundur Myndstefs var haldinn þann 7. júní 2022.

Samþykktar voru breytingar á samþykktum Myndstefs. Flestar breytinganna voru til komnar vegna breytinga á lögum (sérstaklega með tilkomu laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar), til þess að skýra ákvæði betur og tilvitnanir í rétt lög. Aðrar smávægilegar breytingar voru einnig gerðar. Ný grein var samþykkt inn í samþykktir, sem fjallar sérstaklega um verðskrá yfir höfundarétt vegna endurnota verka. Með nýju greininni var heitinu breytt úr gjaldskrá og í verðskrá. Uppfærðar samþykktir Myndstefs má finna á vefsíðu Myndstefs.<sup>1</sup>

Á fundinum voru einnig samþykktar breytingar á sjálfri verðskránni, en samþykktur var nýr verðflokkur undir Internet sem nefnist „Efnisdeilipjónustur“. Þeim flokki er svo hægt að skipta í þrennt:

- Til almennra opinbera nota
- Í beinum viðskiptalegum tilgangi
- Til einkanota

Ekki eru allir undirflokkarnir opinberir, en hann er þó til viðmiðunar fyrir innri starfsemi samtakanna og verður notaður þegar DSM tilskipunin verður innleidd í íslensk lög.

Samþykkt var einnig breyting á heiti gjaldfloknum „myndbönd“, sem nefnist eftir breytingarnar „Hljóð-og myndmiðlaverk“. Þessar breytingar og verðskrá Myndstefs í heild sinni má finna á vefsíðu Myndstefs.<sup>2</sup>

Breytingar voru gerðar á „Reglum vegna skipan stjórnar og fulltrúaráðs Myndstefs“ þar sem sérstaklega var tilgreint að félög sem tilnefna í stjórn Myndstefs og fulltrúaráð skuli einnig tilnefna varamenn stjórnarsæta. Þá eru engin tímatakmörk á setu varamanna.

Niðurstöður úr gerðardómi IHM voru ræddar á fundinum, en niðurstöður gerðardómsins lágu fyrir þann 27. maí 2022. Frá því að ágreiningur hófst árið 2017 barðist Myndstef fyrir því að hlutur myndhöfunda af bótum vegna eintakagerðar til einkanota skyldi hækka, en önnur aðildarfélög IHM töldu hlutinn frekar eiga að lækka, og það umtalsvert (nánar tiltekið niður í 0.9 %). Samkvæmt niðurstöðu gerðardóms var hlutur myndhöfunda hækkaður úr u.þ.b. 5,8% í 7%, sem er um 20% hækkan. Þetta var sigur sem var unninn með mikilli vinnu starfsmanna og lögmanni sem Myndstef réð sérstaklega fyrir þetta verkefni.

Á fundinum var engin stjórnarbreyting gerð en tilnefning Ljósmyndarafélags Íslands um áframhaldandi stjórnarsetu Guðmundar Skúla Viðarssonar til næstu þriggja ára var samþykkt.

## Kynningar og fræðsla um höfundarétt

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka. Á árinu 2022 héldu starfsmenn Myndstefs ýmsar kynningar og fyrirlestra.

Helst ber að nefna að tveir kennslufyrirlestrar voru fluttir í Listaháskóla Íslands, bæði fyrir myndlistardeild og hönnunar-og arkitektúrdeild (á vorönn). Einnig héldu Harpa og Aðalheiður kynningar upp í Tækniskóla, bæði fyrir grafíska miðlun og ljósmyndaradeildina. Fyrir félagsmenn SÍM var haldinn fyrirlestur fyrir félagsmenn þeirra. Einnig var haldin fyrirlestur fyrir félagsmenn FÍT (desember 2022), auk annarra fyrirlestra og kynningafunda.

<sup>1</sup> <https://myndstef.is/um-myndstef/samthykktir-myndstefs/>

<sup>2</sup> <https://myndstef.is/gjaldskra/>

Verkefni af þessu tagi falla undir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu Myndstefs, sem er nánar fjallað um í kafla 3 a og b, og er þar jafnframt ítarlegra gerð grein fyrir þjónustunni og kostnaði henni tengdri.

Harpa Fönn hélt stóra kynningu fyrir evrópsk systursamtök Myndstefs, á vettvangi EVA – European Visual Artists í febrúar. Kynningin bar heitið „*Collective rights in Iceland*“ og fjallaði um allar gerðir sameiginlegra réttinda sem Myndstef innheimtir fyrir félagsmenn sína, annað hvort sjálfstætt eða í gegnum regnhlífarsamtök IHM eða Fjölís. Kynning Hörpu var almenns eðlis um hin svokölluðu kollektívu/sameiginlegu réttindi höfunda, en lagði sérstaka áherslu á réttindi tengd eintakagerð til einkanota (PC), en mikil eftirvænting hefur verið í Evrópu fyrir úrlausn ágreiningsmáls innan IHM vegna skiptingu bóta á grundvelli 11. gr. höfl.

#### Innlent samstarf

Starfsmenn Myndstefs, og formaður sem og aðrir í stjórn, halda reglulegu samstarfi við ýmsa lykilaðila innan höfundaréttargeirans, en einnig innan skapandi geirans og hins skapandi umhverfis.

#### *Innra samstarf og samtal við aðildarfélög Myndstefs*

Myndstef heldur uppi samstarfi og reglulegu samtali við aðildarfélög sín og innlend systursamtök, hagsmunasamtök, stórnotendur og fleiri sem hafa með umsýslu höfundaréttar að gera, að aðra hagsmunagæslu. Fer það eftir þeim málum sem eru í deigluinni hverju sinni hvaða samstarf er lögð sérstök áhersla. Hér að neðan er samantekt á ýmsum áherslumálum á árinu 2022.

#### *FLB – Félag leikmynda- og búningahöfunda*

Samstarf var eftt við félag leikmynda- og búningahöfunda, og yfirlýsing um samstarf frá 26. janúar 1993 var endurnýjað í desember 2021, og var Drífa Freyju Ármannsdóttir tilnefnd í fulltrúaráð IHM, fyrir hönd Myndstefs. Einnig voru nokkrir fundir haldnir á árinu, sem og tölvupóstsamskipti og gögn send á milli, vegna fyrirhugaðrar úthlutunar á bótum vegna eintakagerðar til einkanota frá IHM. Hingað til hafði FLB fengið 2/3 af hluta myndbandageira IHM, sem var gróflega um 20% af IHM tekjum af hlut Myndstefs vegna eintakagerðar til einkanota (aðrir hlutar voru hljóðbönd og minni og stærri CD diskar, sem töldu þá um 80 % af hluta IHM til einkagerðar til einkanota). Var 2/3 hluti þessi byggður á gerðardómi milli aðildarfélaga IHM frá árinu 1999. Nýr gerðardómur, þar sem endurskoðuð var skipting milli aðildarfélaga IHM vegna eintakagerðar til einkanota, féll svo í maí 2022, sem breytti forsendum umtalsvert, og féll því fyrri gerðardómur og skipting úr gildi og jafnframt 2/3 hluti FLB. Gerðardómurinn gildir í 10 ár og afturvirkir til þess dags er ágreiningur hófst og ný höfundalög tóku gildi. Þar með féll einnig úr gildi ofangreind skipting í geira, einkum í ljósi tæknibreytinga og breytingu á búnaði við eintakagerð og að auki hafa orðið umtalsverðar lagabreytingar sem breyta forsendum vegna úthlutunar. Ekki hefur verið lokið við uppgjör gagnvart FLB vegna IHM greiðslna, vegna afturvirkra greiðslna vegna niðurstöðu IHM gerðardómsins 2022.

#### *Fyrirmynd*

Samstarf og samtal var haldið áfram við myndskreyta (myndlýsendur og myndhöfunda) og félagsmenn í undirfélagi FÍT, sem ber heitið Fyrirmynd. Unnið var að gerð samningsdraga sem myndi ná yfir svið bókaútgáfu og myndlýsingar á Íslandi. Enn fremur var haldin kynning fyrir alla meðlimi FÍT í desember 2022, þar sem myndhöfundar innan Fyrirmyndar skipuðu stóran hóp.

#### *SÍM*

Samstarf við SÍM hefur ávallt verið farsælt, einkum vegna Listskreytingarsjóðs og málefni listasafnanna, bæði er varðar birtingu verka þeirra og birtingu sýningarskráa sem og aðra notkun. Einnig hefur lögfræðingur Myndstefs veitt samtökunum ýmsa lögfræðiráðgjöf og þjónustu.

#### *FÍBÚT*

Unnið var að samstarfi við Félag íslenskra bókaútgefenda, FÍBÚT, sem hófst árið 2020. Samstarf var tekið lengra og samningsdrög send FÍBÚT, sem voru svo tekin fyrir á fundi vorið 2022.

### Landsbókasafn

Samstarf og samtal hefur átt sér stað við Landsbókasafn, einkum vegna vefsins timarit.is, sem og Blaðamannafélag Íslands um ýmis málefni sem skarast milli félagsins og Myndstefs. Rithöfundasamband Íslands og Hagþenkir sóttu fund með Myndstef við Landsbókasafn snemma á árinu, er varðar leyfisveitingar vegna timarit.is. Er það mál í farvegi.

### Sarpur.is

Gott samstarf átti sér stað við Sarpur.is, vegna ýmissa málefna er varða vefinn, til að mynda birtingar og sýnileika skilmála vegna höfundaréttar og eintakagerðar til einkanota.

### Ljósmyndamiðstöð Íslands

Ljósmyndarar starfa á fjölbreyttan og ólíkan máta, með mismunandi áherslur, sérþekkingu og miðla. Það eru þó ákveðin atriði sem eiga við alla ljósmyndara, og það er m.a. höfundaréttur. Sá réttur er mikilvægur lögbundinn réttur sem gildir í 70 ár frá andláti höfunda.

Það hefur þótt vantað samráðs- og samstöðuvettvang allra ljósmyndara á Íslandi þar sem hægt er að fjalla um, mynda samstöðu um og berjast fyrir sameiginlegum réttindum og áherslum. Árið 2022 var búinn til slíkur vettvangur, með aðstoð Myndstefs. Stjórn Myndstefs, í samvinnu við ljósmyndara með einstaklingsaðild, Ljósmyndarafélag Íslands og Félags íslenskra samtímaljósmyndara (FÍSL), boðuðu til opins samstöðufundar ljósmyndara á Íslandi, þann 18. október 2022, í salnum Fenjarými (1. hæð) í Grósku í Vatnsmýrinni (Bjargargötu 1, 102 Reykjavík).

Forkonur Ljósmyndarafélagsins og FÍSL opnuðu fundinn. Harpa Fönn lögfræðingur Myndstefs, og Aðalheiður Dögg, framkvæmdastýra, sáu um fundarstjórn og kynningar. Á fundinum var stofnuð Ljósmyndamiðstöð Íslands, samstöðuvettvangur allra ljósmyndara á Íslandi, óháð fagfélagi og bakgrunni.

### Af hverju er mikilvægt fyrir ljósmyndara að búa til samstöðuvettvang er varðar höfundaréttindi?:

- Sameiginleg höfundaréttindi vegna útlána af opinberum bókasöfnum og Hljóðbókasafni Íslands
- Sameiginleg höfundaréttindi vegna afritunar ljósmyndar
- Sameiginleg höfundaréttindi vegna ljósritunar í skólum og opinberum stofnunum (Fjölís).
- Sameiginleg höfundaréttindi vegna eintakagerðar til einkanota (IHM)
- og 17. gr. gr DSM tilskipunar (fyrirhugaðir samningar við google, facebook, pinterest ofl).
- Samningamál (18.-20. gr. DSM tilskipunarinnar)
- Skattamál (fjármagnstekjuskattur)

– Félag var formlega stofnað á fundinum og hann því stofnfundur. Félagið heitir Ljósmyndamiðstöð Íslands. Þetta var einróma samþykkt á fundinum. Þeir sem mættu á fundinn voru strax skráðir í félagatal félagsins. Stofnaður var hópurinn 'Ljósmyndamiðstöð Íslands'.<sup>3</sup>

– Tímabundið voru formenn Ljósmyndarafélags Íslands (Laufey Ósk), Félags íslenskra samtímaljósmyndara, FÍSL (María Kjarans) og Blaðaljósmyndarafélagi Íslands (Kristinn) skipaðar í stjórn félagsins. Kristinn er formaður. Þetta tekur breytingum á fyrsta aðalfundi félags, en hann var haldinn í febrúar 2023.

<sup>3</sup>Hópurinn er aðgengilegur á vefslóð:

<https://www.facebook.com/groups/2262891447200724>



### *Aðrir*

Samstarf við önnur aðildarsamtök Myndstef hafa verið afar farsæl þetta árið, og til viðbótar þeirra sem nefnd eru að ofan þá einkum við FÍSL, Ljósmyndarafélag Íslands, Arkitektafélag Íslands og Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs. Að auki hefur samtal og samstarf við STEF, Rithöfundasambandið, Hagþenki, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag íslenskra leikstjóra og BÍL verið ánægjulegt.

### *Samstarf - nefndir og ráð*

Myndstef á í margvíslegu samstarfi við menningarstofnanir og félög á Íslandi og tilnefni fulltrúa í ýmsar nefndir og ráð. Hér má finna yfirlit og upplýsingar um helstu ráð, nefndir og stjórnir sem Myndstef á sæti í og upplýsingar þar um.

### *Úthlutunarnefnd greiðslna fyrir afnot á bókasöfnum (bókasafnssjóður)*

Af árlegu framlagi úr ríkissjóði er úthlutað samkvæmt lögum 91/2007 („bókmenntalög“) til rithöfunda, þýðenda, myndhöfunda og annarra réttihafa sem eiga bækur á Landsbókasafni-Háskólabókasafni, almenningsbókasöfnum, skólabókasöfnum, og bókasöfnum stofnana sem kostuð eru af ríkissjóði eða sveitarfélögum. Á grundvelli bókmenntalaga eiga höfundar, sem þátt hafa átt í ritun bóka, þ. á m. rithöfundar, þýðendur og myndhöfundar, sem eru ríkisborgarar eða eru búsettir innan Evrópska efnahagssvæðisins, persónulegan rétt á greiðslum fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum sem eru rekin á kostnað ríkissjóðs eða sveitarfélaga.

Greiðslurnar byggja á árlegri fjárveitingu Alþingis um eru árlega um 190 m.kr. Í reglum 323/2008 um greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum er nánar fjallað um hvernig skuli standa að úthlutun úr Bókasafnssjóði. Í samræmi við 2. gr. umræddra reglna nr. 323/2008 er réttur til greiðslu bundinn því að viðkomandi bók hafi verið skráð hjá Landskerfi bókasafna eða á annan sannanlegan hátt s.s. í skráningarkerfi safns sem ekki er hluti af Landskerfi bókasafna. Á grundvelli 3. gr. sömu reglna eiga þeir réttihafar einir rétt til úthlutunar sem sent hafa inn umsókn til úthlutunarnefndar á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu Rithöfundasambands Íslands („RSÍ“). Í janúar ár hvert skal auglýsa fyrirhugaða úthlutun í dagblöðum og leita eftir umsóknum nýrra réttihafa og skal frestur til að skila inn umsókn vera þrjár vikur frá birtingu auglýsingar. Á umsóknareyðublaði fyllir réttihafi út tegund höfundar, þ.e. hvort hann sækir um sem rithöfundur, myndhöfundur eða þýðandi. Þá þarf réttihafi jafnframt að velja aðildarfélag, s.s. RSÍ, Myndstef eða Hagþenki.

Í úthlutunarnefnd Bókasafnssjóðs eiga sæti fimm menn skipaðir til þriggja ára af ráðherra, sbr. 1. mgr. 8. gr. bókmenntalaga. Af þeim skulu Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna, RSÍ og Myndstef tilnefna einn fulltrúa hvert samkvæmt ákvæðinu. Þá skulu tveir nefndarmenn skipaðir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Fulltrúi Myndstefs var ekki boðaður á úthlutunarfund í maí 2022. Taldi stjórn Myndstefs þau vinnubrögð verulega ámælisverð, enda varðar úthlutun úr bókasafnssjóði miklu fyrir myndhöfunda og

mikilvægt að fulltrúi myndhöfunda sé til staðar þegar úthlutun á sér stað. Í kjölfarið var lögð fram kvörtun til Umboðsmanns Alþingis. Niðurstaða liggur ekki fyrir.

#### *Fjölís*

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að fara með kollektífar heimildir til innheimtu tekna vegna slíkrar hagnýtingar og nær hún bæði til innlendra og erlendra rétthafa.

Myndstef á eitt sæti í stjórn og eitt sæti í fulltrúaráði. Ragnar Th. Sigurðsson situr í stjórn og Harpa Fönn Sigurjónsdóttir í fulltrúaráði (Logi Bjarnason er varamaður hennar).

#### *Höfundaréttarráð*

Höfundaréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um þau höfundaréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á samfélagið. Myndstef á eitt sæti í ráðinu og sat Aðalheiður Dögg Finnsdóttir Helland þar.

#### *IHM, Innheimtumiðstöð rétthafa*

Aðaltilgangur IHM er að móttaka og úthluta bótum úr ríkissjóði vegna bóta til rétthafa vegna eintakagerðar til einkanota eins og nánar er tilgreint í reglugerð nr. 125/2001 og lögum nr. 60/2000. Einnig sér IHM um innheimtu vegna kapalgeirans.

Myndstef á eitt sæti í stjórn og eitt sæti í fulltrúaráði. Í stjórn situr Harpa Fönn Sigurjónsdóttir og Logi Bjarnason í fulltrúaráði.

#### *Gerðardómur IHM vegna eintakagerðar til einkanota*

Niðurstöður Gerðardóms í svokölluðu IHM lágu fyrir þann 25. maí 2022.

Ágreiningur um skiptingar bóta vegna eintakagerðar til einkanota, milli rétthafasamtaka höfunda, framleiðenda og flytjenda, hefur staðið yfir síðan höfundalögum var breytt, árið 2016. Bæturnar skulu greiddast árlega til samtaka höfundaréttarféлага með fjárveitingu samkvæmt fjárheimild í fjárlögum. Um 250 milljónir eru greiddar árlega til sameiginlegra samtaka höfundaréttarféлага sem bera nafnið IHM. Þar eiga aðild 11 rétthafasamtök.

Sáttarmaður, Viðar Már Matthíasson, skilaði niðurstöðum um skiptingu þann 27. mars 2021, sem náði ekki samþykki 2/3 aðildarféлага og var því felld. Var málið því sent til meðferðar gerðardóms.

Þann 9. og 10. maí 2022 fór fram aðalmeðferð í gerðardómi rétthafasamtaka IHM. Dómarar voru Helgi Ingólfur Jónsson, Hulda Árnadóttir og Kjartan Bjarni Björgvinsson. Dómsorð féll 25. maí 2022 og náði niðurstaða dómsins aftur til ársins 2016, og mun gilda samanlagt í 10 ár. Uppgjör fór fram síðla árs 2022.

Niðurstaða dómsins var eftirfarandi:

Blaðamannafélag Íslands	2%	
Félag kvikmyndagerðarmanna (FK)	3,5%	
Félag leikstjóra á Íslandi (FLÍ)	2,5%	
Hagþenkir	4%	
Myndstef	7%	
Rithöfundasambandið (RSÍ) & Félag leikskálda og handritshöfunda	11%	
Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) & Félag íslenskra leikara (FÍL)	28%	
Samtök kvikmyndaleikstjóra (SKL)	10%	
Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF)	14%	
Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK)	18%	

Var þetta talsverð hækkun á hlut Myndstefs, en þó ekki jafn mikil og vonir voru bundnar við, en Myndstef hafði gert kröfu um 12% hlut í IHM. Myndstef telur þetta mikilsverð tímamót í sögu

höfundaréttar og réttindabaráttu sjónlistarmanna, og fagnar því að mál þetta hafi loksins fengið sanngjarna og gagnsæja úrlausn óháðra dómara.

Aðildarfélögum Myndstefs er frjálst að hafa samband við Myndstef ef frekari upplýsinga er þörf, eða til að fá aðgang að dóminum í heild sinni.

#### IHM kapall – endurvarp

IHM innheimtir einnig höfundaréttarendurgjald vegna endurvarps hjá sjónvarpsstöðvum á grundvelli 23. gr. a. höfundalaga, en endurgjaldið berst IHM frá innlendum kapalveitendum, og frá erlendum systursamtökum IHM (vegna notkunar þarlendis).

Um er að ræða endurvarp, og er þá einkum um að ræða not á svokölluðum hljóð- og myndmiðlaverkum (Audio/Visual works). Hvaða not um ræðir sérstaklega, og hvernig þau skarast á við höfundarétt og greiðslur vegna frumsýninga, endursýninga, streymis og annars, er stundum óljóst fyrir höfunda, en ljóst er að um er að ræða endurvarp, þar sem (orðrétt úr 23.gr.a. höfl.) verki er löglega útvarpað beint eða um gervihnött má endurvarpa til almennings um kapalkerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, enda sé fullnægt skilyrðum um samningskvaðaleyfi skv. 26. gr. a. Því er um að ræða önnur not en þau sem falla utan hefðbundins sýningarréttar (e. broadcasting right), og er skilyrði þess að kapalveitandi veiti aðgang að endurvarpinu í gegnum ákveðna þjónustu, og í gegnum ákveðið kerfi, sem er selt til kúnnans. Þetta er því ekki höfundaréttur vegna sýninga í sjónvarpi eða vegna frumnota, framleiðslu eða sýninga á framleiddum kvikmyndum eða sjónvarpsefni, heldur eru þetta afleidd not sem falla einungis undir endurvarp, línuleg og ólínuleg. Annar höfundaréttur, til dæmis vegna sýninga og framleiðslu, eintakaqerðar og birtingar (broadcasting right og right to make available og reproduction right) fellur ekki hér undir.

Þessar tekjur hafa ekki borist Myndstefi reglulega s.l. ár og eru því uppsafnaðir fjármunir hjá IHM. Núgildandi skipting byggir á gerðardómi frá Danmörku frá árinu 1989. Myndstef hefur verið reiknaður þar 0,7% hlutur, og hefur óskað eftir endurskoðun á skiptingunni, sem fór í gegn á aðalfundi IHM í október 2022, og er það mál í ferli þar sem skipaður verður sáttarmaður, í samræmi við 6. gr. samþykka IHM.

#### KÍM, Kynningarmiðstöð Íslenskrar myndlistar

Hlutverk KÍM er að kynna og styðja við íslenska myndlistarmenn erlendis. Miðstöðin aðstoðar listamenn að fjármagna verkefni sín, kynnast öðrum listamönnum og koma á sambandi/samstarfi milli ríkis- og einkaaðila, samtaka og fyrirtækja. KÍM hefur umsjón með íslenska skálanum á Feneyjartvíæringnum. Myndstef á eitt sæti í fulltrúaráði og er Logi Bjarnason fulltrúi Myndstefs. Með nýjum myndlistarlögum og útgáfu nýrrar myndlistarstefnu, hefur Myndlistarmiðstöð nú tekið við hlutverki KÍM.

#### Samtök skapandi greina

Í febrúar 2022 gekk Myndstef inn í samtök skapandi greina. Að samtökunum standa miðstöðvar lista og skapandi greina á Íslandi ásamt stofnunum, fyrirtækjum, félögum og aðilum í hverri grein. Samtökin mynda þannig breiða fylkingu þeirra sem starfa í skapandi greinum hér á landi. Meginmarkmið Samtaka skapandi greina er að efla vægi skapandi greina í hagkerfi Íslands, og tryggja að menningarlegt og samfélagslegt hlutverk greinanna sé virt að verðleikum.

SSG er ætlað að vinna að sameiginlegri stefnumótun greinanna, í samstarfi við opinbera aðila og íslenskt atvinnulíf. Samtökin munu leggja megin áherslu á að greinarnar njóti hagstæðra vaxtarskilyrða og að vaxandi sóknarfæri skapandi greina séu nýtt í þágu hagvaxtar og lífsgæða og að efla rannsóknir á þeim. Samtökin voru upphaflega stofnuð árið 2011 og stofnaðilar voru Samtónn, ÚTÓN, Íslensk tónverkamiðstöð, Kvikmyndamiðstöð Íslands, Sviðslistasamband Íslands, KÍM (Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar), Miðstöð íslenskra bókmennta, Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og IGI – Icelandic Gaming Industry (Samtök tölvuleikjaframleiðenda).



### Bakland Listaháskóla Íslands

Árið 2022 sótti Myndstef um aðild að baklandi Listaháskóla Íslands og var umsókn Myndstefs samþykkt.

Myndstef hefur haldið kynningar fyrir nemendur LHÍ um höfundarétt og telur mikilvægt að nemendur LHÍ öðlist góðan skilning á höfundarétti, bæði hvað varðar sín eigin réttindi sem og samspil við réttindi annarra listamanna.

### Erlent samstarf

Myndstef á í samstarfi við erlend höfundaréttarsamtök og gilda þar um gagnkvæmir samningar. Myndstef og erlend systursamtök Myndstefs standa vörð um hagsmuni félagsmanna.

Sérstakt samstarf er milli Myndstefs og systursamtaka í Norðurlöndunum. Þar á sér stað mikið samtal um þróun höfundaréttar í Evrópu og hefur Myndstef notið aðstoðar frá þessum samtökum í einstaka málum. Reglulega eru haldnir fundir þessara samtaka þar sem fulltrúar koma saman og funda.



Myndstef hefur gert gagnkvæmnissamninga við eftirfarandi samtök:

ADAGP (Frakkland)  
BONO (Noregur)  
BUS – Bildsupphovsratt (Svíþjóð)  
DACS (Bretland) frá 2023  
HUNGART (Ungverjaland)  
IVARO (Írland)  
KUVASTO (Finnland)  
LITA (Slóvakía)  
OOA-S (Tékkland)  
VEGAP (Spánn)  
VISDA (Danmörk)

### *EVA (European Visual Artists).*

Myndstef á sæti í EVA, en það eru samtök 28 höfundaréttarsamtaka sjónlistamanna í Evrópu sem beita sér fyrir því að sjónlist sé notuð með löglegum hætti og ekki brotið á höfundarétti listamanna. Einnig hafa samtökin áhrif á breytingar á höfundarétti í tilskipunum Evrópusambandsins. Fjórir fjarfundir voru haldnir á árinu með EVA og sóttu starfsmenn Myndstefs fundina alla. Einnig hélt lögfræðingur Myndstefs erindi á einum þessara funda.<sup>4</sup>

### *CISAC*

Myndstef er aðili í **CISAC** (the International Confederation of Societies of Authors and Composers), en það eru alþjóðleg höfundaréttarsamtök með 232 aðildarfélög frá yfir 121 löndum. Samtökin starfa á sviði allra listgreina og starfa í Evrópu, Afríku, Suður-Ameríku og Asíu, en eru með höfuðstöðvar í Frakklandi. Samtökin voru stofnuð árið 1926 og stendur vörð um höfundarétt og stuðlar að hagsmunabaráttu höfunda um allan heim. Þau aðstoða einnig aðildarfélög sín og fylgjast með og hafa áhrif á þróun höfundalaga.<sup>5</sup>

<sup>4</sup> Nánari upplýsingar um starfsemi EVA: <https://www.eartists.org/>

<sup>5</sup> Frekari upplýsingar um CISAC: <https://www.cisac.org/>

Myndstef fékk á árinu samþykkt aðild til bráðabirgða í 2 ár, eins og venjan er með nýja meðlimi. Eftir þann tíma verður Myndstef fullgildur meðlimur samtakanna.

CISAC verndar réttindi og stuðlar að hagsmunabaráttu höfunda um allan heim. Þau gera sameiginlegum stjórnunarstofnunum höfundaréttar kleift að vera fulltrúi höfunda um allan heim og tryggja að þóknarir renni til höfunda fyrir notkun verka þeirra hvar sem er í heiminum.

Meginverkefni CISAC er að vera alþjóðleg rödd til stefnumótenda og þingfólks, til að efla og vernda réttindi höfunda á öllum sviðum höfundaréttar, stuðningur við félög höfunda, með viðskiptatækjum og þjónustu og uppspretta upplýsinga sem veitir þekkingu um kerfi sameiginlegra umsvylustofnana höfundaréttar.

#### DSM tilskipunin

Tilskipun um höfundarétt í hinum stafræna innri markaði nr. 2019/790 (Directive (EU) 2019/790 of the European Parliament and of the Council of 17 April 2019 on copyright and related rights in the Digital Single Market and amending Directives 96/9/EC and 2001/29/EC), almennt nefnd DSM tilskipunin<sup>6</sup>, var samþykkt á Evrópuþinginu árið 2019. Nokkur lönd hafa lögfest og innleitt hluta hennar inn í sín landslög, en sú vinna stendur nú yfir á Íslandi. Ætla má að tilskipunin verði innleidd í íslensk lög á næstu árum. Samráð hefur staðið yfir við helstu hagsmunafélög, réttihafa, notendur, samskiptaveitur og aðra tæknirisa, um innleiðinguna og má nálgast umsagnir hagsmunaaðila hér, á samráðsgátt ráðnuneftisins: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3195](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3195) Myndstef hefur skilað inn ítarlegri umsögn um innleiðinguna sem nálgast má á ofangreindri vefslóð. Að auki hafa önnur hagsmunasamtök og aðildarfélög Myndstef skilað inn umsögn, sem einnig má nálgast á hlekknum.

Tilskipuninni er ætlað að samræma ýmsar reglur um höfundarétt og skyld réttindi sem varða hinn stafræna innri markað og notkun verndaðra verka yfir landamæri. Hún tekur til ýmissa mikilvægra og tæknilegra atriða, eins og undanþágu frá einkarétti höfunda til að tryggja að texta- og gagnanám geti farið fram, sérstaklega hjá rannsókn- og menningarstofnunum; undanþágu vegna notkunar menntastofnana á höfundaréttarvörðu efni við fjarkennslu á netinu; ákvæða sem eiga að tryggja varðveislu menningararfs; ákvæða sem eiga að tryggja notkun menningarstofnana á höfundaréttarvernduðum verkum í þeirra umsjá sem eru ekki lengur fáanleg á almennum markaði (e. out-of-commerce) og heimildarákvæði um rétt útgefenda til hlutdeildar í tekjum vegna notkunar verka sem nýtt eru skv. undanþágum frá höfundarétti.

#### Helstu atriði tilskipunarinnar sem varða sjónlistarfólk:

- Ákvæði (15. gr.) um nýjan ***veggja ára einkarétt vegna útgefins fréttæfnis***, vegna netnotkunar á greinum dagblaða og fréttaveitna gegn skyldu til að tryggja öllum höfundum innan fréttæfnis viðeigandi hlutdeild í þóknun vegna endurnotkunar fréttæfnis á fjölmiðlavöktum og öðrum fréttaveitum. Þessi nýi einkaréttur á meðal annars að tryggja sjálfbærni fréttaveita og ýta þannig undir aðgengi að áreiðanlegum upplýsingum.
- Ákvæði (17. gr.) er ætlað að einfalda leyfisveitingar á milli réttihafa höfundaréttar og veitenda efnisdeilipjónustu (efnisveitur og samfélagsmiðlar, t.d. Youtube, Google og Facebook/Instagram, Pinterest, Tumblr o.fl). Slíkar efnisveitur veita aðgang að miklu magni höfundaréttarvarins efnis sem notendur hlaða upp, og má segja að slíkar efnisveitur séu orðin ein meginvettvangur til að nálgast skapandi efni. Ákvæðið setur einfaldari og skýrari reglur um ***leyfisveitingar milli efnisveita og réttihafa, og að slíkir leyfissamningar séu yfirleitt til staðar og virtir***, ef efnisveitan reynist ekki hafa gert viðeigandi tilraunir til að stöðva meint höfundaréttarbrot. Eins tryggir ákvæðið að réttihafar geti bannað not ákveðinna verka innan efnisveitu.
- Ákvæði um ***sanngjarn, hlutfallslegt og viðeigandi endurgjald til höfunda*** og flytjenda í samningum til hagnýtingar á verkum þeirra eða listflutningi (t.d. vinnusamningar,

<sup>6</sup> <https://eur-lex.europa.eu/eli/dir/2019/790/oj>

uppkauksamningar, útgáfusamningar, framleiðslusamningar og aðrir framsalssamningar), en í aðfararorðum tilskipunarinnar er viðurkennt að höfundar og listflytjendur eru oft í veikari samningsstöðu þegar þeir veita nytjaleyfi eða framselja réttindi sín og því sé mikilvægt að auka og skýra vernd rétthafa að því leyti. Kafllinn tiltekur **skyldu um gagnsæi** við slíka framsalssamninga og sölu og dreifingu verka sem innihalda verk höfunda, og **réttur til að krefjast viðbótarendurgjalds** ef nýting fer fram úr upphaflegum áformum. Þetta hefur verið kallað 3. kafli DSM tilskipunarinnar hér á landi.

### Ný stefna í myndlist

Í október 2021 fékk Myndstef drög að myndlistarstefnu til samráðs, og ritaði lögfræðingur Myndstefs, f.h. stjórnar, ítarlega umsögn. Þess skal getið að myndlistarstefna var samþykkt á Alþingi vorið 2023.

Myndstef fagnar innilega þeirri vinnu sem hefur farið í drög að nýrri myndlistarstefnu, og ber mikið þakklaeti til starfshópsins. Það er tímabært að stjórnvöld og íslenskt þjóðfélag marki sér skýra stefnu í þessum málum, enda hefur myndlistin ekki búið við sama öryggi og aðrar skapandi greinar, sem er nauðsynlegt að bæta úr. Í faginu starfa oft einyrkjar og samtal mætti vera betra. Að auki skortir stofnunum innan myndlistar oft leiðsögn að sameiginlegum markmiðum, þekkingu og/eða reynslu. Myndstef fagnar því þessum drögum, og er sammála helstu markmiðum, áherslum og aðgerðarlíðum.

Myndstef lagði ríka áherslu á skilvirkari aðgengi að menningararfinum, og skýrari framkvæmd er varðar skráningu, utanumhald og birtingu. Þarna þurfi að auka samtal, og fjármagn. Að auki ritaði Myndstef um mikilvægi þess að styrkja innviði myndlistar, og undirstrikaði mikilvægi þess að auka stuðningskerfi, enda myndlistarmenn oft sundurleitir hópur, einyrkjar og sjálfstæðir verktakar. Það þyrfti því að auka samráð, virðingu fyrir faginu, þátttöku almennings, myndlistarlæsi og myndlistarkennslu, fjölmiðlaumfjöllun og fleira. Myndstef lagði ríka áherslu á að skýra betur stjórnsýsluna og hvaða hlutverk hvaða stuðningskerfi ætti, og skörun á milli listskreytingarsjóðs, myndlistarmiðstöðvar, kynningarmiðstöðvar og myndlistarráðs. Að endingu lagði Myndstef ríka áhersla að verulegar endurbætur myndu eiga sér stað á málefnum listskreytingarsjóðs.

### Ný stefna í hönnun og arkitektúr

Myndstef fagnar þeirri stefnumótun sem hefur farið fram á sviði hönnunar og arkitektúrs. Drög stefnu í málefnum hönnunar og arkitektúrs kom inn eftir sumarið 2022, og var opið til samráðs. Myndstefs skilaði ítarlegri umsögn í samráðsgátt 19. ágúst 2022, þar sem Myndstef tók undir þau meginmarkmið hönnunar og arkitektúrs, um bætt lífsgæði, aukna verðmætasköpun og vaxandi sjálfbærni innan málefni hönnunar og arkitektúrs. Að mati Myndstefs var um að ræða framsækna og markvissa stefnu, sem mun ýta undir viðurkenningu hönnunar og arkitektúrs til hagsbóta fyrir samfélag.

*Myndstef telur mikilvægt að sjónlistarfólk vinni saman að stefnum og málefnum alls fagsins og að ný stefna innan hönnunar og arkitektúrs taki mið af því að auka samstarf, samtal, skilning og samninga milli þessara hópa, og auki í sameiningu byr undir vængi höfundaréttar þessa skapandi fags. Hönnunartengd fög eru í eðli sínu kvik, og því mikilvægt að halda skilgreiningu á hönnun opinni og aðgengilegri, og að íslensk hönnunarstefna tali fyrir allri hönnun. Í dag eru mörkin á milli þess hvenær fagaðili er grafískur hönnuður, teiknari, myndlistarmaður, ljósmyndari eða annars konar sjónlistaraðili, orðin óskýrari en áður, og verða eflaust enn óskýrari með árunum.*

*Hönnunartengd fög og nálgun er að finna víða og eru skapandi greinar, og þá einkum sjónlistir, farnar að marka sér mikilvægan sess í atvinnulífinu, í því mikla myndlæsi og þeirri gríðarlegu aukningu sjónrænnar framsetningar sem á sér stað í dag. Áskoranir samtímans kalla á aukna þverfaglega nálgun, bæði í samstarfi, samtali, menntun og þekkingu. Sjónlistir flæða á milli faga og inn í alls konar önnur svið, múrar hafa verið teknir niður og samvinna og samstarf, skilningur og samkomulag orðið mikilvægara nú sem aldrei fyrr. Heppilegt væri að fagið myndi samræma vinnureglur og auka samtal sín á milli og gagnsæi, og að endingu auk fræðslu og sjálftraust hönnuða á markaðinum, svo notkun, sala, dreifing og önnur hagnýting á hönnun geti farið fram á sem allra skilvirkasta hátt, bæði héraðs sem og erlendis. Hönnun þarf tíma. Hönnun þarf nægilegan stuðning og nægilegt fjármagn, og*

*fjármagnsleiðir til að þróast. Þannig eykst samkeppnishæfi íslenskrar hönnunar, og hönnuður færir tól til að styrkja samningsstöðu sína á heimamarkaði, sem og þá erlendis. Ef íslenska hönnuði skortir þekkingu/reynslu eða upplýsingar til að standa vörð um réttindi sín, þá missa þeir af tækifærum til tekna vegna síðara afnota, og það verður erfiðara fyrir vikið að láta starf hönnunar vera aðal afkomuleið hönnuðar.*

*Hönnun á ekki að þurfa að vera hlutastarf. Hönnuður þarf að finna fyrir starfsöryggi, það þarf að tryggja afkomu og arð af verkinu og að sá auður og arður rati í réttar hendur og verði þannig gulrót til margföldunaráhrifa. Hönnun er virðisaukandi, það hefur margsannað sig, og miðað við það opna upplýsinga- og neytendasamfélag sem við lifum við í dag þarf að tryggja að sá virðisauki, sá arður og hagnaður af framlagi hönnuðar og arkitekta, hvort sem hann er samfélagslegur, félagslegur eða fjárhagslegur, rati aftur til þess sem framlagið á, til að tryggja það að sá hinn sami fái þá viðurkenningu sem hann eða hún á skilið og geti þá haldi áfram á svipaðri braut. Ella er hætt við að framboð svari ekki eftirspurn, og að markaðurinn minnki aftur. Þarna kemur höfundarétturinn sterkur inn.*

### Samningamál

Myndstef býður upp á heildarsamninga til hagsbóta bæði fyrir höfunda og notendur. Bæði er um að ræða leyfi vegna fárra verka, en einnig svokölluð heildarleyfi sem eru afar notendavæn og hagstæð í þeim tilvikum þar sem um mikla notkun fjölda verka er að ræða og ómögulegt er fyrir notendur að fá leyfi sérhvers höfundar. Þessir samningar geta nýst við t.d. útgáfu bóka, heimasíðna, sýningarskráa, vefsvæða eða annarra verkefna þar sem mikill fjöldi myndverka eru birt.

Myndstef hefur viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis til þess að gera samningaskvaðasamninga fyrir hönd sjónhöfunda á grundvelli eftirfarandi ákvæða í höfundalögum:

1. Höfundaréttur vegna **heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar**, sem skiptist aftur í, með vísan til viðeigenda ákvæða laga:
  - a. **Eintakagerð til einkanota** (e. private copying) 11. gr. höfundalaga [nr. 73/1972](#)
  - b. **Endurvarp** – Kapalréttindi (e. retransmission rights) 23. gr.a. höfl.:
  - c. **Afritun** - ljósritun og skönnun innan stofnanna og skóla (e. reprographic rights) 18. gr. höfundalaga:
  - d. **Útlán** (e. public lending rights) III. KAFLI, 4. og 5. gr. laga nr. 91/2007: *Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum.*
  - e. **Útsendingar**, sjónvarp og útvarpsútsendinga (e. broadcasting rights) 23. gr. b. höfundalaga:
  - f. **Safnanot**, þeas notkunar safna á safnkosti (e. museum rights) 12. gr. b. höfundalaga
  - g. **Mennta og fræðistofnananot** (e. usage for educational purposes) [sbr. 14. gr. höfl.](#)
  - h. **Notkun stofnunar í þágu sérstaks hópar** [sbr. 19. gr. höfl](#)

### *Almennir samningar – heildarleyfi*

Nokkrir notendur hafa samninga við Myndstef sem tryggja þeim þá betri kjör við not, og er í öllum tilvikum úthlutað á grundvelli þeirra samninga einstaklingsbundið. Ábyrgist Myndstef jafnframt þær réttmætu kröfur sem kunna að vera settar fram af rétthöfum, ef þeir telja notin brjóta í bága við umboð sitt til Myndstefs eða sæmdarrétt.

Þeir samningar sem í gildi voru 2022:

Háskólaútgáfan

Hótel Holt

Íslenski Barinn

Listasafn Reykjavíkur (annað en safnasamningurinn)

Listasafn Íslands (annað en safnasamningurinn)

Menntamálastofnun (annað en 14. gr. samningurinn)

Síldarminjasafnið

Viska minimal Arts

## RÚV

Í febrúar var endurnýjaður samning við RÚV, vegna sýningar á sjálfstæðum myndverkum í sjónvarpi. Um er að ræða samningskvaðasamning, á grundvelli 23.gr.b. höfundalaga. Fyrri samningur við RÚV, upphaflega frá árinu 1993 (seinna endurnýjaður árið 1999), sem var einnig samningskvöð, en þó á grundvelli svokallaðra Myndstefsskýrsla, féll því úr gildi.

Þessi nýi samningur er ólíkari en eldri samningar að því leyti að um er að ræða svokallaðan samningskvaðasamning, sem Myndstef hefur heimild til að gera þar sem samtökin hafa viðurkenningu Menningar-og viðskiptaráðuneytis (áður: Mennta-og menningarmálaráðuneyti).

Samningskvaðasamningur er sérstök tegund af myndbirtingarleyfi þar sem notandi fær eitt heildarleyfi til að birta verk eftir marga höfunda og þarf því ekki að sækja um leyfi fyrir hvern höfund. Höfundum er þó ávallt heimilt að taka ekki þátt í heildarsamningum og þurfa þeir að tilkynna það til Myndstefs. Í þeim tilvikum þarf að semja sérstaklega við þann höfund.<sup>7</sup>

Myndstef fagnar þessum tímamótasamningi og fær RÚV þakkir fyrir gott samstarf. Það er ánægjulegt að sjá í verki að RÚV sé annt um að nota íslensk myndverk en vilji að sama skapi gera það löglega og greiða fyrir notin.



## Hljóðbókasafnið

Þann 27. september 2022, undirrituðu Myndstef og Hljóðbókasafn Íslands undir samninga, annars vegar vegna eintakagerðar og til að gera aðgengilegan myndrænan safnkost safnsins í samræmi við 12. gr. b. höfundalaga, þá einkum bókakápa á opnu vefsvæði safnsins, og hins vegar vegna útlána innan þjónustuveitu safnsins, og þá einkum vegna þeirra myndverka sem þar birtast, í samræmi við 19. gr. höfundalaga.

Um er að ræða tímamótasamninga, en í nágrannalöndum okkar hafa slíkir samningar verið gerðir í einhver ár, og nú loksins á Íslandi.

Fjármunir sem innheimtast vegna þessa og annarra álíka samninga eru ekki bundnir ákveðnum höfundum og greiddir til viðkomandi aðila, heldur er um að ræða heildargreiðslu árlega sem rennur í Réttthafasjóð Myndstefs. Úr þessum sjóði er svo úthlutað til starfandi sjónhöfunda á hverju ári.

## Hönnunarsafnið

Þann 24. október 2022 undirritaði Myndstef undir safnasamning við Hönnunarsafn Íslands. Um er að ræða svokallaðan samningskvaðasamning á grundvelli 12. gr. b. höfundalaga sem heimilur birtingu á höfundaverðum verkum í safneign á rafrænum miðlum safns og á Sarpi. Að auki fylgir samningurinn aukinni heimild fyrir notkun safneignar í kennslu og til fræðslu.

<sup>7</sup> Frekari upplýsingar um samningskvaðasamninga, m.a. úthlutanir fjármuna í gegnum slíka samninga, er að finna á heimasíðu Myndstefs, á vefslóð: <https://myndstef.is/notendur/samningskvod/>.

## Lögfræðiráðgjöf til félagsmanna

Lögfræðingur Myndstefs veitir félagsmönnum endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf, upp að ákveðnu marki. Skulu félagsmenn senda samtökunum formlegt erindi þess efnis, ef lögfræðiaðstoðar er óskað. Slíkum beiðnum skal koma til samtakanna skriflega, í gegnum [myndstef@myndstef.is](mailto:myndstef@myndstef.is). Myndstef tekur ekki að sér mál að eigin frumkvæði, nema í algerum undantekningartilvikum. Að auki fara samtökin ekki með almennt eftirlit í einstaka málum. Sérstakur verkferill er um lögfræðileg deilumál og aðkomu Myndstefs.

Að jafnaði hafa samtökin milligöngu við að freista þess að ná sáttum og/eða málalokum milli höfundar og ábyrgðaraðila. Ábyrgðaraðili er sá sem birtir eða notar höfundavarið verk með opinberum hætti en það getur t.d. verið framleiðandi, annar höfundur, flytjandi, sýningaraðili, birtingaraðili eða útgefandi. Þá er ávallt byrjað á því að senda ábendingu/fyrirspurn til ábyrgðaraðila þar sem viðkomanda er tilkynnt um málið og þeim gefið tækifæri á að svara og/eða rökstyðja mál sitt. Þegar mál er hafið er höfundi haldið utan við bein samskipti við notanda/málsaðila, og öfugt. Þannig er gert ráð fyrir því að hvorugur málsaðili sé í samskiptum á meðan málið er til úrvinnslu hjá Myndstefi. Erindi, gögn, samskipti og annað, eru ekki afhent höfundi/málsaðila, nema ástæða þyki til, eða þess sé óskað sérstaklega.

Ef sættir nást ekki með tilstuðlan milligöngu Myndstefs, hefur Myndstef ekki heimild til að fara með mál lengra, nema í sérstökum undantekningartilvikum. Þá er bæði notanda og höfundi tilkynnt um að aðkomu Myndstefs að máli ljúki á formlegan hátt. Sömuleiðis er notandi þá upplýstur um að það sé höfundi ekki til fyrirstöðu að leita til lögfræðings eða annarra aðila vegna þessa máls og hefja það að nýju. Einnig eru þá felld niður þau sáttartilboð og tilraunir sem kunna að hafa verið lagðar fram af hendi Myndstefs. Að auki getur Myndstef ákveðið að taka ekki beina afstöðu til ágreinings og þess hvort um höfundaréttarbrot sé að ræða, heldur fremur leggja fram ráðgefandi álit eða tillögu að lausn, sem er þá lögð fram af hálfu samtakanna, beint að báðum málsaðilum, í þeim tilgangi til að freista þess að leita sáttar.

Gjaldskrá Myndstefs skal lögð til grundvallar í þeim málum sem samtökin taka að sér. Hún er birt á heimasíðu samtakanna, [www.myndstef.is](http://www.myndstef.is), og skal endurskoðuð fyrir aðalfund ár hvert og staðfest þar. 100% álag leggst ofan á gjaldskrá í þeim tilfellum sem not samrýmast ekki skilmálum gjaldskrár, brjóta á sæmdarrétti eða eru að öðru falli óheimil. Þau tilfelli sem falla utan gjaldskrár skal semja um sérstaklega.

Árið 2022, komu 60 mál á borð Myndstefs. Sum tóku stuttan tíma í ráðgjöf, á meðan önnur voru þyngri. Sum mál voru sætt og sum náðu málalokum, en önnur þurfti að fella niður og rötuðu svo sum þeirra áfram í formlegt ferli til lögmanna til að freista úrlausnar. Einhver mál fengu talverða fjölmiðlaumfjöllun (T.d. Ásmundur Sveinsson og Fyrsta hvíta konan í Ameríku og Farangursheimild), og mál Hauks Halldórssonar um Heimskautsgerðið. Einhver mál rötuðu svo til dómsmála og eru nú í málarekstri (t.d. mál Huldu Hákon). Árið 2021 rötuðu 63 mál inn á borð Myndstefs. Árið 2020 rötuðu 38 mál inn á borð Myndstefs, en þá var lögfræðingur Myndstefs í fæðingarorlofi 6 mánuði af því ári (maí – desember), og var lögfræðingur sá sem var ráðinn í hennar stað einungis í 10% starfshlutfalli, og þá með allra mikilvægustu málum. Árið 2019 voru það svo 56 mál sem rötuðu á borð Myndstefs.

Að meðaltali fara um 3 klst af vinnustundum lögfræðing í hvert mál.

Verðmæti slíkrar ráðgjafar mætti meta á allt að 6 m.kr., ef viðkomandi þyrftu að leita til lögmansstofu.

Ár	Fjöldi mála		Klst. samtals
2022	60	Lögfræðimál	180
2021	63	Lögfræðimál	189
2020	38	Lögfræðimál	114
2019	56	Lögfræðimál	168

## FYLGIRÉTTUR

Á aðalfundi Myndstefs 2022 var ákveðið að heimila hækkun á umsýslubókunum og frádrátt vegna fylgiréttargjalds úr 20% í 25%. Hækkun hefur ekki komið til framkvæmdar, þar sem það útheimtir breytingu á tölvukerfi.

Hlutfall endurgjalds Myndstefs af fylgirétti hefur löngum verið 20% af allri innheimtu, einnig af fylgiréttargjöldum. Það hlutfall hefur þó lengi ekki náð til þess að greiða rekstrar-og launakostnað samtakanna af umsýslu og innheimtu fylgiréttar. Þar af leiðandi hefur myndast skekkja þar sem hærra hlutfall er tekið af annarri innheimtu í staðinn.

## SÍK Samstarf

SÍK samkomulagið var endurnýjað á árinu, og hafði formaður SÍK orð á því hversu góð viðbrögð væru við yfirlýsingunni, ferlinu og þessu skrefi sem stigið var árið 2018, en það ár var undirrituð samstarfsyfirlýsing við SÍK, vegna endurnota sjálfstæðra sjónlistarverka í hljóð- og myndmiðlaverkum. Um er að ræða framleiðslur sem falla ekki undir útsendingarétt sjónvarpsstöðvanna, eru sjálfstæðar og er annað hvort sýndar á heimamarkaði eða erlendum markaði.

Réttindagreiðslum vegna þessara samninga er úthlutað einstaklingsbundið til höfunda, og ábyrgist Myndstef hér einnig þær réttmætu kröfur sem kunnu að koma til með að vera settar fram af réttihöfum, ef þeir telja notin brjóta í bága við umboð sitt til Myndstefs eða sæmdarrétt. Þess skal þó sérstaklega getið hér, að samstarfsyfirlýsing Myndstefs og SÍK var unnin í nánú samstarfi við SÍM (Samband íslenskra myndlistarmanna) og fulltrúaráð Myndstefs, enda tíðkaðist það í áráraðir að framleiðendur kvikmynda veigruðu sér hjá því að endurnota íslenska hönnun eða myndlist inn í kvikmyndaverkefnum sínum. Með tilkomu samstarfsins, auðveldara ferlis og sanngjarnar þóknunar, hefur notkun íslenskrar listar inn í kvikmyndir margfaldast.

Sjá nánar á vef Myndstefs, þar sem einnig má finna rafræna skilagrein fyrir framleiðendur hljóð -og myndmiðlaverka: <https://myndstef.is/notendur/endurbirting/afla-leyfis/kvikmyndir-og-sjonvarp/>

## Kynningarmál

Á árinu var lögð talsverð vinna í að undirbúa ýmis konar fræðslu á vegum Myndstefs. Myndstef sendir út fréttabréf nokkrum sinnum á ári, heldur úti vefsíðu, [www.myndstef.is](http://www.myndstef.is) þar sem birtar eru helstu fréttir af starfsemi, auk þess sem fréttir eru birtar á facebook síðu Myndstefs.

Á árinu hófst vinna við að kortleggja sögu Myndstefs. Starfsnemi í hagnýtri menningarmiðlun frá HÍ, Soffía Sæmundsdóttir, kom til starfa til Myndstefs vorið 2022, þar sem hún fór yfir ýmis gögn frá árdögum samtakanna, tók viðtöl við lykilaðila og tók saman ýmis atriði varðandi sögu samtakanna. Um er að ræða mikilvægan lið í því að kortleggja sögu samtakanna, og verður sú vinna nýtt og stendur til að ljúka verkefninu af starfsmönnum Myndstefs.



Sameiginleg úthlutun þar sem ekki er unnt að úthluta einstaklingsbundið (styrkir)

Myndstef úthlutar árlega úr sameiginlegum styrktarsjóði (verður Rétthafasjóður Myndstefs) fjármagni sem kemur til vegna heildarsamninga, samningskvaðasamninga og greiðslna frá Fjölís og IHM, sem ekki er unnt að greiða út einstaklingsbundið til höfunda, ásamt greiðslna vegna höfunda sem eru fallnir úr vernd, finnast ekki eða ekki er unnt að greiða út með öðrum hætti.

Í heildina úthlutaði Myndstef 17 m.kr. til höfunda árið 2022.

Hvert ár ákveður stjórn Myndstefs heildarfjárhæð sem veittir eru beint til myndhöfunda vegna, í samráði við löggildan endurskoðanda samtakanna. Hér eftir mun þessi sjóður bera nafnið Rétthafasjóður Myndstefs, og lúta sambærilegum reglum og fyrri sameiginlegir styrktarsjóðir Myndstefs.

Styrkumsóknartímabil var 17. júní - 17. ágúst 2022, og var sótt um 156 umsóknir um verkefnastyrk og 73 umsóknir um ferða- og menntunarstyrk. Ekki hafa jafn margar umsóknir borist síðan árið 2018, en það mátti glögglega sjá fækkun á umsóknum vegna covid. Var þetta í tuttugasta skipti sem þessir styrkir eru veittir, en á þeim tíma hefur verið úthlutað um 152 milljónum til myndhöfunda og sjónlistarfólks.

Úthlutunarnefndin hafði 17 milljónir til þess að veita í styrki þetta árið, sem er 2 milljóna króna hækkun frá síðustu tveimur árum, en aldrei hefur heildarfjármagn sem Myndstef veitir í styrki til myndhöfunda verið eins hátt.

Styrkirnir eru eins fjölbreyttir og þeir eru margir. Styrkir eru m.a. veittir vegna sýninga, bæði hérlendis og erlendis, vegna myndlýsinga bóka, gerð og uppsetningar listaverka og innsetninga, þátttöku í lista- og menningarhátíðum, útgáfu tímarits, námskeiða erlendis, þátttöku í ráðstefnum og ýmissa annarra verkefna.

Ný úthlutunarnefnd tók til starfa árið 2022, en hver nefnd situr í tvö ár. Starfar nefndin eftir sérstökum starfsreglum. Störf úthlutunarnefndar eru sjálfstæð, og óháð störfum stjórnar. Niðurstöður úthlutunarnefndar um styrkir eru ákvarðandi og endanlegar.

Samþykkt var á fulltrúaráðsfundi fyrr á árinu að úthlutunarnefnd styrkja Myndstefs skuli vera svo skipuð: 1 af sviði myndlistar, 1 af sviði ljósmyndunar og 1 af sviði hönnunar og arkitektúrs. Nefndin sem starfar 2022-2023 er tilnefnd af Félagi íslenskra samtímaljósmyndara (FÍSL), Miðstöð hönnunar og arkitektúrs og Sambandi íslenskra myndlistarmanna (SÍM). Nefndina skipuðu:

**Elín Hrund Þorgeirsdóttir**, tilnefnd af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs  
**Ingvar Högni Ragnarsson**, tilnefndur af Félagi íslenskra samtímaljósmyndara (FÍSL)  
**Sigrún Hrólfsdóttir**, tilnefnd af Samtökum íslenskra myndlistarmanna (SÍM)

Muggur

Muggur er sjóður sem Menningarmálanefnd Reykjavíkur, SÍM og Myndstef stofnuðu árið 2004 og er SÍM umsjónaraðili sjóðsins. Hlutverk sjóðsins er að styrkja myndlistarmenn til tímabundinnar dvalar erlendis vegna sýningar, vinnustofu eða annars sambærilegs myndlistarverkefnis. Samningur um sjóðinn er endurnýjaður á þriggja ára fresti.

Í janúar 2021 barst stjórn Myndstefs beiðni frá SÍM um hækkun á framlagi í MUGG styrktarsjóð. Óskað var eftir hækkun árlegrar greiðslu úr 400.000 kr í 1 milljón. Aðeins einu sinni frá stofnun sjóðsins höfðu framlög stofnenda hækkað og var það á árunum 2007/2008. Eftir nokkrar umræður og samskipti við SÍM samþykkti stjórn Myndstefs að hækka framlag samtakanna í styrktarsjóð Mugg í 1 milljón króna. Það var gert í ljósi ágætar fjárhagsstöðu Myndstefs og þess að framlag hafði ekki hækkað frá árinu 2008. Á árinu 2022 var greidd 1 milljón í styrktarsjóð Muggs.

### Styrkur vegna dómsmáls

Stjórn Myndstefs hefur heimild til þess að ráðstafa fjármunum Myndstefs með styrkjum til myndhöfunda/rétthafa vegna einstakra dómsmála sem geta verið fordæmisgefandi fyrir alla myndhöfunda. Er þessi heimild veitt m.a. vegna vöntunar á dómum í höfundarétti á Íslandi og vegna þess að samtökin hafa ekki heimild til þess að höfða slík mál sjálf. Þá hefur stjórn sett sérstakar viðmiðunarreglur um svona styrki.

Á árinu 2022 barst beiðni um styrk vegna dómsmáls á vegum höfundarins Huldu Hákonardóttur. Hófst það mál hjá Myndstef og fóru samtökin með það eins langt og hægt var. Ýmis atriði málsins gátu verið fordæmisgefandi en m.a. vegna framsals og forms þess, samstarf framleiðenda, dreifingaraðila og höfundar, og samningagerð, sem og prósentuskiptingu og notkun. Ákveðið var að veita Huldu málsóknarstyrk að fjárhæð 300.000 kr. Málið hefur verið þingfest fyrir héraðsdómi. Vænta má úrlausnar málsins árið 2023.



„Vernd“ e. Einar Jónsson.

c. Upplýsingar um synjun leyfisveitingar skv. 5. mgr. 26. gr. d höfundalaga,


Engar formlegar synjanir hafa verið á leyfisveitingu á grundvelli sammingskvaðar á árinu.

Í einu tilviki var leyfisveitingu þó frestað þangað til búið væri að undirrita safnasamning við viðkomandi safn, en það var ósk Listasafns Reykjavíkur um að Myndstef heimili birtingu sýningarskráa á vefsvæði safnsins, endurgjaldslaust. Samningar náðust ekki á árinu, en tekið skal fram að samningum um birtingu safneignar var náð á árinu 2023.



d. Lýsing á rekstrarformi að lögum og stjórnunarháttum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar,

Myndstef – Myndhöfundasjóður Íslands var stofnaður árið 1991. Samtökin starfa ekki í arðsemisskyni. Daglegur rekstur er í höndum framkvæmdastjóra, sem starfar náið með stjórn samtakanna. Stjórnin er skipuð félagsmönnum. Sérstakt fulltrúaráð, skipað aðilum allra aðildarfélaga, ákveður stefnu félagsins, og hefur eftirlit með starfsemi stjórnar. Fulltrúaráðið tilnefnir tvo aðila í stjórn samtakanna, en SÍM skipar einn fulltrúa, Ljósmyndarafélag Íslands skipar einn fulltrúa, og Hönnunarmiðstöð Íslands einn fulltrúa.



Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði. Myndstef starfar innan marka íslenskra höfundalaga nr. 73/1972, laga um sameiginlega umsýslu höfundaréttar nr. 88/2019, og reglugerðar nr. 486/2001. Einnig lúta samtökum alþjóðlegum lögum og reglum um höfundarétt, sbr. Bernarsáttmálinn og tilskipunum Evrópusambandsins er snúa að höfundarétti.

Myndstef fékk viðurkenningu Mennta- og menningarmálaráðuneytis árið 1992 sem höfundaréttarsamtök myndhöfunda, og til þess að gera samningaskvaðsamninga fyrir hönd þeirra. Samtökin starfa að öðru leyti í samræmi við samþykktir og setja sína eigin gjaldskrá af félagsmönnum samtakanna, á aðalfundi ár hvert.

Myndstef sótti um endurnýjun á viðurkenningu til ráðuneytis á grundvelli eftirfarandi lagaákvæða, þann 1. nóvember 2021:

1. Á grundvelli 12. gr. b höfundalaga til að gera samningskvaðasamninga sem heimila söfnum sem falla undir 1. mgr. 12. gr. höfundalaga til að gera eintök af mynd- og sjónlistarverkum sem falla undir höfundavernd, sem teljast vera birt í skilningi höfundalaga, sbr. 1. mgr. 3. gr. höfundalaga, hvort sem um er að ræða sjálfstæð verk eða sem hluti af öðru verki og gera slík eintök aðgengileg almenningi. Ath. Bráðabirgðaviðurkenningu MVF frá 04.07.2019.
2. Á grundvelli 3. mgr. 14. gr. höfundalaga til að gera samningskvaðasamninga sem heimila aðilum að endurbirta listaverk sem falla undir höfundavernd í almennu fræðsluefni, í sambandi við gagnrýni og við vísindalega umfjöllun, þótt í fjárhagslegum tilgangi sé
3. Á grundvelli 1. mgr. 23. gr. höfundalaga til að gera samningskvaðasamninga sem heimila útvarpsstöðvum að senda út myndverk og sjónlistarverk sem falla undir höfundavernd og sem teljast vera útgefin í skilningi höfundalaga, sbr. 2. mgr. 3. gr. höfundalaga.
4. Á grundvelli 5. mgr. 25. gr. b höfundalaga til innheimtu og umsýslu innheimts fylgiréttargjalds í samræmi við ákvæði 25. gr. b höfundalaga

Myndstef starfar nú samkvæmt nágildandi viðurkenningu frá þáverandi menntamálaráðuneyti, frá 17. september 1992, sem og á grundvelli bráðabirgðaviðurkenningar Menningar- og viðskiptaráðuneytis frá 4. júlí 2019, sem viðurkennd samtök réttshafa til þess bær að fyrir hönd myndhöfunda að gera samningskvaðasamninga á grundvelli 12. gr. b, sbr. 4. mgr. 26. gr. a höfundalaga.

Að auki á Myndstef sæti í sameiginlegum umsýslustofnunum eða nefndum, og tekur við hlut réttindagreiðslna vegna réttinda síns sviðs, að nánari skilyrðum uppfylltum:

1. IHM, er úthlutar höfundarétti vegna eintakagerðar til einkanota, í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.  
**Hluttur Myndstefs er 7% af heildarinnheimtu IHM vegna 11.gr. höfl, í samræmi við gerðardóm frá maí 2022.**
2. IHM kapall, er úthlutar höfundarétti vegna endurvarps í samræmi við 23. gr. a. höfundalaga.  
**Hluttur Myndstefs í heildarinnheimtu IHM vegna endurvarps (Kapalgeirinn) er 0,70%, í samræmi við tölur frá endurskoðenda IHM.**
3. Fjölís, vegna réttinda vegna afritunar, og þá samningar vegna ljósritunar og skönnunar innan skóla og stofnanna, í samræmi við 18. gr. höfundalaga og rgl. 420/2012.  
**Hluttur Myndstefs er ca 16% hlutur af heildarinnheimtu Fjölís (að frádregnum umsýslukostnaði), í samræmi við samninga um hvert svið.**
4. Bókasafnssjóður og úthlutunarnefnd vegna útlána bóka af bókasöfnum. Í samræmi við III. KAFLI, 4. og 5. gr. laga nr. 91/2007: Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum, sem eru ekki eiginlegar höfundaréttargreiðslur, heldur greiðslur. Ekki er unnt að nálgast upplýsingar um hlutdeild myndhöfunda eða annarra sjónlistarmanna hér.

Aðildarfélög Myndstefs eru félög sjónlistafólks.

Félag leikmynda- og búningahöfunda, FLB  
Grafía,  
Miðstöð hönnunar og arkitektúrs (áður: Hönnunarmiðstöð Íslands), og eigendur þess;  
Arkitektafélag Íslands, AÍ  
Fatahönnunarfélag Íslands, FÍ  
Félag húsgagna og innanhússarkitekta, FHI  
Félag íslenskra gullsmiða, FÍG

Félag íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA  
Félag íslenskra teiknara, FÍT  
Félag vöru- og iðnhönnuða  
Leirlistafélagið (sem er einnig aðildarfélag SÍM)  
Textílfélagið (sem er einnig aðildarfélag SÍM)  
Ljósmyndarafélag Íslands  
Samband íslenskra myndlistamanna, SÍM, og aðildarfélög þess;  
Félag íslenskra samtímaljósmyndara, FÍSL  
Félag íslenskra myndlistarmanna, FÍM  
Íslensk grafík  
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, MHR  
Myndlistarfélagið  
Leirlistafélagið (sem er einnig aðildarfélag Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs)  
Textílfélagið (sem er einnig aðildarfélag Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs)

e. Upplýsingar um einingar sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, að fullu eða að hluta

Myndstef á engin dótturfélög og engar einingar eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegu umsýslustofnunarinnar, hvort heldur sem að fullu né að hluta.

Engin áform eru um að stofna dótturfélög eða aðrar einingar undir yfirráðum Myndstefs.

f. Upplýsingar um heildarfjárhæð þóknunar sem er greidd einstaklingum sem um getur í 3. mgr. 8. gr. og 9. gr. á næstliðnu ári og önnur fríðindi sem þeim eru veitt

Engar réttindagreiðslur áttu sér stað til framkvæmdastjóra né stjórnar á árinu 2022. Sjá nánar kafla um hagsmunaskrá.

Launagreiðslur til starfsmanna eru hefðbundnar. Þau fríðindi sem standa starfsmönnum til boða eru samgöngustyrkur um vistvænan samgöngumáta, niðurgreiðsla símareiknings og internets að fjárhæð 6.990 kr. mánaðarlega. Ekki er greitt fyrir yfirvinnu en hún er tekin út í fríi. Fari yfirvinna fram utan dagvinnutíma (eftir kl. 17.00) eða um helgar, reiknast hver yfirvinnutími sem 1,8 klst. í fríi. Neysluhlé á vinnutíma er innifalið í föstum launum.

g. fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 2. lið viðauka USL

Sjá nánari útlistun á þessu er hér í gagnsæisskýrslunni í lið 2. hér að aftan.

h. Sérstök skýrsla um notkun fjárhæða sem koma til frádráttar vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, með upplýsingum sem um getur í 3. lið viðauka USL.

Sjá nánari útlistun á þessu er hér í gagnsæisskýrslunni í lið 3. hér að aftan.

## 2. Fjárhagsupplýsingar sem eiga að koma fram í árlegri gagnsæisskýrslu:

a. Upplýsingar um tekjur af réttindum, fyrir hvern réttindaflokk sem umsjón er höfð með og hverja tegund notkunar (t.d. útsendingu hljóðvarps- eða sjónvarpsefnis, netnotkun, opinberan flutning), þ.m.t. upplýsingar um tekjur af fjárfestingu réttindatekna og notkun slíkra tekna (hvort þeim sé úthlutað til rétthafa eða annarra sameiginlegra umsýslustofnana eða notaðar á annan hátt),

Unnt er að skipta höfundaréttarendurgjaldi og réttindagreiðslum þeim sem Myndstef innheimtir og svo úthlutar til rétthafa í eftirfarandi stofna:

TEKJUSTOFN	TEKJUR	UPPLÝSINGAR
1. Höfundaréttarendurgjald vegna <u>endurnotkunar</u>	1.825.581 kr. vegna innlendarar notkunar. 914.214 kr vegna erlendarar notkunar.	Greiðslum vegna endurnota er úthlutað einstaklingsbundið, sé því við komið.
2. Höfundaréttur vegna heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar með vísan til viðeigenda ákvæða laga:	Alls: 71.542.821 kr.	
a. Eintakagerð til einkanota (e. private copying) 11. gr. höfundalaga <a href="#">nr. 73/1972</a>	42.909.821 kr. (þar af 14.686.523 kr. fyrir árið 2022).	Innheimta og úthlutun vegna eintakagerðar til einkanota er í höndum sameiginlegrar umsýslustofnunar, sem heitir IHM ( <a href="#">www.ihm.is</a> ). Réttindagreiðslum IHM er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs.
b. Endurvarp – Kapalréttindi (e. retransmission rights) 23. gr.a. höfl.:		Innheimta og úthlutun vegna endurvarps er í höndum sameiginlegrar umsýslustofnunar, sem heitir IHM Kapall ( <a href="#">www.ihm.is</a> ). Réttindagreiðslum frá IHM er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs.
c. Afritun - ljósritun og skönnun innan stofnanna og skóla (e. reprographic rights) 18 .gr. höfundalaga:	22.741.229 kr.	Innheimta og úthlutun vegna afritunar er í höndum sameiginlegrar umsýslustofnunar, sem heitir Fjölís ( <a href="#">www.ihm.is</a> ). Réttindagreiðslum frá Fjölís er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs.
d. Útlán (e. public lending rights) III. KAFLI, 4. og 5. gr.	0	Innheimta og úthlutun er vegna bóta fyrir afnot í bókasöfnum (réttindagreiðslur vegna

<i>laga nr. 91/2007: Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum.</i>		útlána, e. public lending rights) er í umsýslu RSÍ, og er þar skráningarkerfi sem opnar í janúar ár hvert, og úthlutar úthlutunarnefnd, skipuð 5 aðilum, einum frá Myndstef, þeim greiðslum í maí ár hvert einstaklingsbundið.
e. <b>Útsendingar</b> , sjónvarp og útvarpsútsendinga (e. broadcasting rights) 23. gr. b. <i>höfundalaga:</i>	867.510 kr.	Innheimta og úthlutun vegna útsendinga útvarps og sjónvarpsstöðva er með samningskvöð við helstu sjónvarpsstöðvar á Íslandi, sem og í gegnum gagnkvæmnissamninga við systursamtök Myndstefs. Myndstef hefur gert samningskvaðasamning við RÚV, Stöð 3 og Sjónvarp Símans. Réttingagreiðslum er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs.
f. <b>Safnanot</b> , þeas notkunar safna á safnkosti (e. museum rights) 12. gr. b. <i>höfundalaga</i>	3.915.615 kr.	Innheimta og úthlutun vegna safnanota er með samningskvöð við öll helstu söfn á Íslandi. Réttindagreiðslum er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs.
g. <b>Mennta og fræðistofnananot</b> (e. usage for educational purposes) <i>sbr. 14. gr. höfl.</i>	210.336 kr.	Innheimta og úthlutun vegna nota mennta og fræðslustofnanna er í gegnum samningskaðasamning við Menntamálastofnun. Réttindagreiðslum er úthlutað sameiginlega, í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs
h. <b>Notkun stofnunar í þágu sérstaks hópar</b> <i>sbr. 19. gr. höfl</i>	794.470 kr.	Innheimta og úthlutun vegna nota stofnuna í þágu sérstaks hópar, er með ígildi samningskvaðar við Hljóðbókasafnið. Vakin er athygli á því að ekki er um samningskvöð að ræða á grundvelli höfundalaga, heldur ábyrgist Myndstef þær kröfur sem kunna að koma frá handhöfum höfundaréttar
3. <b>Fylgiréttargjöld</b> vegna endursölu listaverka og uppboða.	19.339.870 kr. vegna innlestrar starfsemi.  415.277 kr. frá erlendum aðilum.	Við fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka og uppboða gildir 25. gr. a. og b. höfundalaga nr. 73/1972, einnig með síðari breytingum, og reglugerð 486/2001. Réttthafi getur átt svokallaðan fylgirétt, en söluaðilum listaverka og listmuna ber að innheimta fylgiréttargjald *við endursölu listaverka í atvinnuskyni og *við sölu listaverka á uppboðum, hvort sem um ræðir fyrstu sölu eða endursölu. Myndstef annast innheimtu þessara gjalda einstaklingsbundið, og sér um að koma þeim í hendur viðeigandi réttthafa- höfunda og/eða erfingja.

Samtals eru innkoma ársins 94.037.763 á árinu 2022. Athugið að fylgiréttargjöld og höfundaréttargjöld vegna einstaklingsbundinnar notkunar, reiknast ekki tiltekna fyrir Myndstef, samkvæmt endurskoðanda.

b. upplýsingar um kostnað við umsýslu réttinda og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum, ásamt ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

Hér gefur að líta samantekt á tekjum vegna höfundaréttinda þeirra sem Myndstef fer með umsýslu, sem og kostnað við umsýslu þeirra, og aðra þjónustu sem hefur fallið til og samtökin veita rétthöfum:

<b>Myndstef 2023</b>	
<b>INNKOMA</b>	
Höfundaréttarendurgjald til Myndstefs	<b>94.037.763</b>
<b>KOSTNAÐUR</b>	
Allur kostnaður	37502438
Beinn umsýslukostnaður	25652438
IHM gerðardómsmál	6500000
Menningarleg, félagsleg og menntundartengd þjónusta	5350000
<b>Hlutfall beins umsýslukostnaðar af heildarinnkomu ársins 2022:</b>	
	27%

i. allur rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum þeirra réttinda sem umsýslun er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði

Áður en ákvörðun um úthlutun á réttindagreiðslum vegna samningskvaða, sem úthlutað er sameiginlega í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs, er tekin, skal draga frá tekjum öll rekstrargjöld og umsýslugjöld, og önnur útgjöld er kunna að falla frá vegna félagslegs, menningarlegs, og menntunartengdrar þjónustu Myndstefs. Að auki skal draga frá og uppfylla reglur um Varasjóð Myndstefs, í samræmi við 9. gr. samþykktu Myndstefs. Athuga skal að enn er unnið að því að koma á formlega slíkum varasjóð, og kemur hann að fullu til framkvæmda á næstu árum.

Frádráttur skal að meginefni miðast við þessa prósentu, og fer sú prósentu að mestu eftir umfangi umsýslunnar. Prósentu þessi getur tekið breytingum á aðalfundi, ef kostnaður við umsýslu eykst eða lækkar. Til að mynda er kostnaður við samningskvaðir umtalsverður, enda verið að koma á mörgum samningum í fyrsta sinn. Sá kostnaður gæti svo lækkað með árunum:

1. Endurnotkun – 20%
2. Samningskvaðir milli 20 - 30%
3. Fylgiréttur – 25%
4. Erlendar greiðslur – 20%

Miða skal við fjárhæðir og sundurliðun réttindagreiðslna, sem og fjárhæðir og kostnað vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, sbr. í **samþykktum ársreikningi Myndstefs**, og er þar helst um að ræða frádrátt vegna réttindaumsýslu, t.d. rekstur skrifstofu, húsnæðis, framkvæmdastjóra og lögfræðings í hlutastarfi, bókhalds og endurskoðunar, umsýslu, verkefnastjórnun og framkvæmdastjórn, greiðslur til stjórnar og úthlutunarnefndar, formanns og fleira sem telst bein umsýsla. Annar frádráttur, sem telst þá til félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu, svo sem fræðsla, ókeypis lögfræðiráðgjöf, umsagnir við lagafrumvörp,

lögfræðiálit, fundir, bréf og álitserðir, ályktanir og svör stjórnar, og greiðslur til utanaðkomandi lögfræðiþjónustu við kvartanir og kærur.

Leitast skal við að halda rekstrarkostnaði í lágmarki, án þess þó að það bitni á starfsemi félagsins.

Á aðalfundi er framangreindur útreikningur og ársreikningur Myndstefs borinn upp til samþykkis, með skýringum, og enn fremur skal aðalfundur staðfesta og/eða ákveða hvaða hluti frádráttar skuli renna í verkefni sem teljast félagslegs, menningarlegs, og menntunartengd þjónusta, enda liggi fyrir upplýsingar um þann kostnað á starfsárinu, og einnig áætlun um slíkan kostnað á því næsta.

Aðalfundi er jafnframt heimilt að setja sérreglur um mismunandi skiptingu á gjöldum til frádráttar af réttindagreiðslum eftir eðli þeirra, við ákveðnar forsendur, bæði til skamms tíma eða til lengri tíma.

Fjármagnstekjum skal ráðstafað við úthlutun til rétthafa með sama hætti og öðrum tekjum.

Það skal tekið hér fram að verið er að innleiða nýtt kerfi hjá Myndstef til innheimtu og úthlutunar, sem byggir á kerfi STEFs (er sama kerfið, nema aðlagð að Myndstef). Þar stendur til að þær réttindagreiðslur sem koma inn vegna umsýslu höfundaréttinda verði sérmerktar og sundurliðaðar eftir tegund og sviði, og sérstakir bókhaldslyklar vera fyrir hvern tekjustofn – inn og út. Þannig mun vera unnt að sundurliða betur allan rekstrar- og fjárhagskostnað eftir flokkum þeirra réttinda sem umsjón er höfð með, sem og þann óbeina kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka.

Markmiðið og stefnan er að einstaklingsbundinni úthlutun næstum að fullu, í samræmi við skráningarkerfi og „mínar síður“ sjónlistarfólks inn á heimasíðu Myndstefs.

Athugast skal að innheimt höfundaréttarendurgjald til Myndstefs, í samræmi við viðurkenningar og höfundalög, flokkast í þessa tekjustofn og þessa flokka réttinda sem höfð er umsjón með, eins og áður hefur komið fram.

1. Höfundaréttarendurgjald vegna **endurnotkunar** sjónlistarverka, hvort sem er í gegnum samninga eða einstakar leyfisveitingar
2. Höfundaréttur vegna **heildarsamninga á grundvelli samningskvaðar**, sem skiptist aftur í, með vísan til viðeigenda ákvæða laga:
  - a. **Eintakagerð til einkanota** (e. private copying) 11. gr. höfundalaga [nr. 73/1972](#)
  - b. **Endurvarp** – Kaparéttindi (e. retransmission rights) 23. gr.a. höfl.:
  - c. **Afritun** - ljósritun og skönnun innan stofnanna og skóla (e. reprographic rights) 18 .gr. höfundalaga:
  - d. **Útlán** (e. public lending rights) III. KAFLI, 4. og 5. gr. laga nr. 91/2007: Greiðslur fyrir afnot á bókasöfnum.
  - e. **Útsendingar**, sjónvarp og útvarpsútsendinga (e. broadcasting rights) 23. gr. b. höfundalaga:
  - f. **Safnanot**, þeas notkunar safna á safnkosti (e. museum rights) 12. gr. b. höfundalaga
  - g. **Mennta og fræðistofnananot** (e. usage for educational purposes) [sbr. 14. gr. höfl.](#)
  - h. **Notkun stofnunar í þágu sérstaks hópar** [sbr. 19. gr. höfl](#)
3. **Fylgiráttargjöld** vegna endursölu listaverka og uppboða.
4. Erlendir rétthafar
5. Óráðstafanlegar fjárhæðir
6. Varasjóður Myndstefs

ii. rekstrar- og fjárhagskostnaður, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar um er að ræða óbeinan kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði, einungis að því er varðar réttindaumsýslu, þ.m.t. umsýslukostnaður sem dreginn er frá eða jafnaður á móti tekjum af réttindum eða tekjum af fjárfestingu á réttindatekjum í samræmi við 12. gr. og 1.–3. mgr. 14. gr.,

Vísað er í upplýsingar hér að ofan, undir b-lið i., sbr að nýtt kerfi Myndstefs, sem verið er að innleiða, mun geta sundurliðað betur þær réttindagreiðslur sem byggja á hverjum tekjustofni, sundurliða og merkja betur þann rekstrar- og fjárhagskostnað sem á við um flokk hvers réttinda, og þá tilgreina þann óbeina kostnað sem ekki er hægt að rekja til eins eða fleiri réttindaflokka. Jafnframt verður þá unnt að taka slíkar upplýsingar saman, og verður framkvæmdastjóra, í samstarfi við endurskoðanda, með eftirliti frá fulltrúaráði Myndstefs, falið það hlutverk að ákvarða þá aðferð sem notuð verður og útskýring til að skipta niður slíkum óbeinum kostnaði.

iii. rekstrar- og fjárhagskostnaður að því er varðar þjónustu aðra en réttindaumsýslu en að meðtalinni félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu,

Enn sem komið er, er kostnaður er varðar aðra þjónustu en réttindaumsýslu ekki aðgreinanlegur að fullu, en bundnar eru vonir við að með nýju umsýslukerfi verði auðveldara að aðgreina kostnað vegna mismunandi þjónustupáttu.

Undir aðra þjónustu en réttindaumsýslu, fellur sú starfsemi Myndstefs sem snýr að annarri þjónustu sem Myndstef veitir félagsmönnum. Ber þar helst að nefna ókeypis lögfræðiráðgjöf. Hjá samtökunum starfar lögfræðingur í hlutastarfi sem veitir ráðgjöf upp að ákveðnu marki. Myndstef getur einnig tekið mál að sér fyrir félagsmenn sína, þeim að kostnaðarlausu, en tekur 20% innheimtu og lögfræðikostnað ef niðurstaða fæst í málið og ef innheimtist.

Þá veitir Myndstef einnig þjónustu varðandi fræðslu um höfundarétt, fyrir félagsmenn, aðildarfélög og aðra sem óska eftir fræðslu. Myndstef telur slíka fræðslu afar mikilvæga. Í kynningum sínum veitir lögfræðingur Myndstefs fræðslu um höfundarétt, og leiðbeinir nemendum, höfundum og notendum um réttindi sín. Slíkir fyrirlestrar eru haldnir í helstu menntastofnunum landsins, og standa stórnotendum til boða. Einnig heldur lögfræðingur Myndstefs utan um hvers konar innlent og erlent samstarf, sem tengist félagslegri, menningarlegri og menntunartengdri þjónustu fags sjónlistar í heild sinni.

Með aukinni fræðslu um höfundarétt, vonast Myndstef eftir bættum skilningi á höfundarétti, höfundaréttargjöldum og færri tilvikum vegna höfundaréttarbrotu. Fræðslan er endurgjaldslaus.

Í kaflanum hér að neðan er frekari sundurliðun og áætlun á þessum kostnaði fyrir árið 2022, með ítarlegri töflu þar um, sbr. blaðsíðu 39 og 40 í skýrslunni.

iv. fjármagn notað til að greiða kostnað,

Starfsemin er fjármögnuð af tekjum samtakanna.

Myndstef fær enga beina ríkisstyrki.

Myndstef hefur ekki tekið neina þóknun fyrir fræðslu og ráðgjöf sína hingað til.

v. frádráttur frá tekjum af réttindum, sundurliðaður eftir flokkum réttinda sem umsjón er höfð með og eftir tegund notkunar og af hverju frádrátturinn stafar, svo sem kostnaður er varðar réttindaumsýslu eða félagslega, menningarlega eða menntunartengda þjónustu,

Frádráttur frá tekjum af réttindum verður sundurliðaður eftir þeim flokkum réttinda sem umsjón er höfð með hverju sinni, og miðað við þá sundurliðun sem er tiltekin hér að ofan, sbr. blaðsíðu 30 og 31.

(a.ii). Sá kostnaður stafar af réttindaumsýslu, t.d. rekstur skrifstofu, húsnæðis, framkvæmdastjóra og lögfræðings í hlutastarfi, bókhalds og endurskoðunar, umsýslu, verkefnastjórnun og framkvæmdastjórn, lögfræðiálit, lögfræðiumsagnir, fundir, bréf og álitserðir, ályktanir og svör stjórnar, greiðslur til stjórnar og úthlutunarnefndar, formanns og annarrar lögfræðiþjónustu við kvartanir og kærur. Hlutfall þetta er á bilinu 20-30% frádráttur af innkomu vegna hvers flokks réttinda (fylgiréttur 25%, önnur réttindi 20/30%). Annar frádráttur sem ekki telst vera til beinna umsýslu, þ.e. frádráttur sem telst vera vegna félagslegrar, menningarlegrar eða menntunartengdrar þjónustu, er tekinn að ákvörðun aðalfundar. Sá kostnaður getur einnig verið tekinn af td sjóði óráðstafanlegra fjárhæða, vegna réttaha sem ekki finnast, höfundaréttar ríkisins, eða munaðarlausra verka, og er notaður til að greiða annan kostnað en beinan rekstrarkostnað. Að auki skal, til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan Myndstefs, og kostnaði Myndstefs öðrum en rekstrarkostnaði er heimilt að halda sérstakan varasjóð Myndstefs, og er stefnt að því að stofna slíkan sjóð, eins og kemur fram ofar í skýrslunni.

vi. hlutfallið sem kostnaður við réttindaumsýslu og aðra þjónustu sem sameiginlega umsýslustofnunin veitir rétthöfum tengist í samanburði við réttindatekjur á viðkomandi fjárhagsári, eftir flokki þeirra réttinda sem umsjón er höfð með og, þegar kostnaður er óbeinn og ekki hægt að skipta honum niður á einn eða fleiri flokka réttinda, útskýring á aðferðinni sem er notuð við að úthluta slíkum óbeinum kostnaði,

Stærsti kostnaður við umsýslu og rekstur Myndstefs er launakostnaður. Verulegur hluti þess kostnaðar, sem og við þá þjónustu sem samtökin veita, er ekki unnt að sundurgreina á tegund nota eða sérstakan réttindahóp. Þetta útskýrist og stafar að mestu af því að Myndstef er lítil umsýslustofnun, með 2 starfsmenn í hlutastarfi, sem sinna þá flestum verkefnum báðar, fyrir alla réttindahópa og fyrir allar tegundir nota. Þó stefna samtökin að því að sundurgreina betur vinnuframlag beggja starfsmanna, og skilgreina og setja niður betur hvað starfframlag fer í hvaða verkefni, og hvaða réttindahóp þannig og þá einnig hvaða tegund nota. Verið er að innleiða og notast við kerfi („clockify“) sem skilgreinir vinnustundir og framlag til ákveðinna verkefna, og er slík framkvæmd í þróun og tilraunar. Mun slík skráning með tímanum veita betri innsýn inn í þennan lið gagnsæisskýrslunnar.

Það þarf einnig að hafa í huga að skrifstofa Myndstefs er brotabrot af stærð sambærilegra umsýslustofnanna í Evrópu, sem leiðir að því að báðir starfsmenn vinna afar fjölbreytt og dreifist vinnan því fremur jafnt á réttindahópa og tegund nota, og helst á þau mál sem kemst aðkallandi eru hverju sinni. Þetta þýðir þó einnig að vegna smæðar skrifstofu Myndstefs, og Íslands í heild sinni, er það gefið að hlutfall við kostnað við umsýslu, sem og aðra þjónustu sem Myndstef gefur, verður hærra en systursamtaka Myndstefs í Evrópu, þar sem ávallt þarf að vera til ákveðin grunnþjónusta og ákveðinn grunntækniþúnaður, kerfi, bókhald, endurskoðun, skrifstofa og umsýsla, þó svo að réttindatekjur þær sem koma inn til Myndstefs séu einungis brotabrot af þeim réttindatekjum sem systursamtök Myndstefs innheima í sínum heimalöndum.

c. Upplýsingar um réttindagreiðslur til rétthafa með ítarlegri lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

i. heildarfjárhæðinni sem er úthlutað á rétthafa, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

Hlutdeild höfunda vegna höfundaréttar (endurnot) var 2.191.837 kr. á árinu.

Hlutdeild höfunda vegna fylgiréttar var 15.804.085 kr. á árinu.

Ath. Styrkir úr sjóðum Myndstefs, sem ekki eru vegna tiltekinna höfunda voru 18 m.kr. á árinu.

ii. heildarfjárhæðinni sem er greidd rétthöfum, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

Greiðslur til höfunda vegna höfundaréttar (endurnot) voru 1.755.446 kr. á árinu.

Greiðslur til rétthafa vegna fylgiréttar voru 15.690.923 kr. á árinu.

Styrkir úr sjóðum Myndstefs, sem ekki eru vegna tiltekinna höfunda voru 18 m.kr. á árinu.

iii. tíðni greiðslna, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

Úthlutað er reglubundið til höfunda vegna endurnota sjónlistarverka, og einnig vegna fylgiréttar sem og önnur einstaklingsbundin úthlutun, fjórum sinnum ári.

Þá er úthlutað að minnsta kosti einu sinni á ári með styrkveitingum vegna tekna sem ekki eru skráðar á tiltekna höfunda.



iv. heildarfjárhæð sem er innheimt en hefur enn ekki verið úthlutað rétthöfum, sundurliðaðri eftir flokkum réttinda sem umsýsla er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar viðkomandi fjárhæðir voru innheimtar,

Full sundurliðun liggur ekki fyrir, en til stendur að breytingar á kerfum Myndstefs muni auðvelda þessa sundurliðun þegar breytingar á kerfum Myndstefs hafa komið til framkvæmda.

v. heildarfjárhæð sem úthlutað hefur verið til rétthafa en hefur ekki verið útborguð, sundurliðaðri eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar, þar sem fram kemur fjárhagsárið þegar þessar fjárhæðir voru innheimtar,

Full sundurliðun liggur ekki fyrir, en til stendur að breytingar á kerfum Myndstefs muni auðvelda þessa sundurliðun þegar breytingar á kerfum Myndstefs hafa komið til framkvæmda.

Reynt er að greiða út allar réttindagreiðslur, bæði fylgirétt og höfundarétt, ársfjórðungslega. Ávallt er einhver hluti af réttindagreiðslum sem ekki er ekki hægt að greiða út, t.d. vegna þess að Myndstef hefur ekki upplýsingar um viðkomandi rétthafa, t.d. bankaupplýsingar eru úreltar.

Leitast verður við að nánari sundurliðun verði til staðar á næsta fjárhagsári.

vi. þegar sameiginleg umsýslustofnun hefur ekki útborgað réttindagreiðslur innan þess frests sem settur er í 2. mgr. 15. gr., ástæðum þessarar tafar,

Engar tafir urðu á úthlutun á árinu, nema í þeim tilvikum sem rétthafar fundust ekki, það vantaði bankaupplýsingar frá rétthafa, eða vantaði upplýsingar um umboðsmann erfingja.

vii. óráðstafanlegum fjárhæðum í heild, ásamt skýringu á notkun þessara fjárhæða,

Óráðstafanlegar fjárhæðir í sjóðum Myndstefs námu alls kr. 9.843.150 í árslok. Hluti þeirra greiðslna eru gamlar. Til stendur að vinna að átaki við að ná í þá höfunda sem ekki hafa fundist á árinu.

Greiðslur sem runnu í sjóð Myndstefs vegna óráðstafanlegra fjárhæða á árinu voru 1.610.004 kr. vegna fylgiréttar, og 7.180 kr. vegna höfundaréttar.

**Stefna: Meginmarkmið Myndstefs er að greiða allar tekjur beint til rétthafa. Í þeim tilvikum þar sem því verður ekki viðkomið, er greiðslum komið til höfunda í gegnum sameiginlegan sjóð Myndstefs (verður „Rétthafasjóður Myndstefs“), að undangengnu sérstöku úthlutunarferli. Allt sjónlistarfólk, bæði félagsmenn sem og utanfélagsmenn, geta sótt um í sjóðinn, og sérstök úthlutunarnefnd velur úr þau verkefni sem hljóta úthlutun.**

**Markmið: Myndstef hefur hug á að skoða hvort mögulegt sé að þróa leiðir á komandi misserum til þess að koma greiðslum vegna óráðstafanlegra fjárhæða til höfunda með svipuðum hætti og tíðkast í öðrum geirum, þ.e.a.s. í gegnum skráningar- og punktakerfi í gegnum mínar síður höfunda. Verið er að innleiða nýtt kerfi og er stefnt að því að slíkt kerfi geri einstaklingsbundna úthlutun aðgengilegri og gagnsærri rétthöfum.**

Óráðstafaðar tekjur er það höfundaréttarendurgjald sem innheimt er, þar sem rétthafar eru ónafngreindir eða finnast ekki. Óráðstafaðar tekjur eru færðar úr þeim innheimtustofni sem þær upphaflega tilheyrðu, yfir í sérstakan stofn eftir að úthlutun hefur átt sér stað, ef ekki hefur verið unnt að úthluta til höfundar eða rétthafa. Rennur slíkt höfundaendurgjald í stofn sem ber nafnið „óráðstafaðar tekjur“.

Ýmsar leiðir eru farnar til að reyna að hafa upp á rétthöfum, t.d. reynt að nýta hefðbundnar leiðir eins og leit í Þjóðskrá, hjá Sýslumanni, í gegnum samskipti við endursöluaðila eða erfingja, með Google leit,

með birtingu á vefsíðu eða í gegnum samfélagsmiðla t.d. með því að birta almenna tilkynningu þess efnis, eða með því að birta mynd af verkinu, eða með öðrum hætti. Ef þær aðgerðir bera ekki árangur er auglýst opinberlega í Lögbirtingablaðinu, eins og lög mæla fyrir um.

Hér eru frekari upplýsingar til höfunda um úthlutun og hvaða upplýsingar samtökin þurfa til að geta úthlutað til rétthafa.<sup>8</sup>

Greiðslum í sjóðinn „óráðstafanlegar fjárhæðir“, er haldið eftir í þann tíma sem lög kveða á um, og reyna samtökin innan þess tíma að hafa upp á rétthöfum. Ef rétthafi finnst ekki eftir þessa leit, er heimilt að láta fjármuni renna til Myndstefs, þegar greiðslur eru orðnar a.m.k. 4 ára gamlar.

Heimilt er að nýta þær tekjur sem renna til Myndstefs, til að standa meðal annars undir kostnaði við þá félagslegu, menningarlegu og menntunartengda þjónustu sem Myndstef veitir félagsmönnum sínum, eða til að mæta óvæntum kröfum. Tekjurnar má einnig setja í varasjóð, ef til þess kæmi.

Það er aðalfundur Myndstefs hvert ár sem ákveður stefnu um notkun óráðstafanlegra fjárhæða, og er kostnaður við starfsemi Myndstefs lagður fram á aðalfundi Myndstefs ár hvert, til samþykktar.

Gera skal grein fyrir áætlun er varðar „óráðstafanlegar fjárhæðir“ og samtölur vegna fyrra árs á aðalfundi Myndstefs ár hvert.

Á næsta ári stendur til að afmarka þessar greiðslur enn betur, og skilgreina og sundurliða sem og gera áætlun um næsta starfsár (2024). Stefnt er að slík greinargerð og sundurliðun verði borin undir aðalfund vorið 2024.

d. upplýsingar um tengsl við aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir með lýsingu á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

i. [móttæknum fjárhæðum frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum](#) og fjárhæðum sem greiddar eru til annarra sameiginlegra umsýslustofnana, sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,

Myndstef tekur við greiðslum frá IHM og Fjölís.

Greiðslur frá Fjölís árið 2022 voru 22.741.229 kr.

Greiðslur frá IHM árið 2022 voru 42.909.821, þar af 14.686.523 fyrir árið 2022.

Myndstef er með gagnkvæmnissamninga við eftirfarandi erlendar umsýslustofnanir á sviði sjónlista:

ADAGP (Frakkland)

BONO (Noregur)

BUS – Bildupphovsrátt (Svíþjóð)

DACS (Bretland)

HUNGART (Ungverjaland)

IVARO (Írland)

KUVASTO (Finnland)

LITA (Slóvakía)

OOA-S (Tékkland)

VEGAP (Spánn)

VISDA (Danmörk).



<sup>8</sup> Sjá nánar: <https://myndstef.is/hofundar/uthlutanir/>

Myndstef tekur á móti greiðslu frá þessum stofnunum og sundurliðast þær í þann tekjustofn sem við á hverju sinni, og úthlutar svo Myndstefs þeim hefðbundið, á grundvelli almennra úthlutunarreglna sinna.

Móttæknar fjárhæðir:

Erlendar greiðslur til Myndstefs árið 2022 vegna höfundaréttar námu kr. 914.214.

Erlendar greiðslur til Myndstefs árið 2022 vegna fylgiréttar námu kr. 415.277.

Erlendar greiðslur bárust frá BUS og VISDA árið 2022.

Greiddar fjárhæðir:

Greiðslur sem greiddar voru til erlendra höfundaréttarsamtaka árið 2022:

ADAGP: 17.660 kr. (fylgiréttur)

BONO: 14.061 kr. (höfundaréttur), og 10.120 kr. (fylgiréttur)

BUS: 59.906 (höfundaréttur) og 2.340 kr. (fylgiréttur).

KUVASTO: 16.260 kr. (fylgiréttur).

VISDA: 477.164 kr. (fylgiréttur)

ii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá réttindatekjum [til annarra sameiginlegra umsýslustofnana](#), sundurliðuðum eftir flokkum réttinda, eftir tegund notkunar og eftir stofnunum,

Frádráttur frá réttindatekjum, höfundaréttargreiðslum og fylgiréttargreiðslum, var 20% til Myndstefs, áður en greitt var út til annarra umsýslustofnana.

iii. umsýslukostnaði og öðrum frádrætti frá þeim fjárhæðum [sem aðrar sameiginlegar umsýslustofnanir greiða](#), sundurliðuðum eftir flokkum réttinda og eftir stofnunum,

Full sundurliðun liggur ekki fyrir, en til stendur að breytingar á kerfum Myndstefs muni auðvelda þessa sundurliðun þegar breytingar á kerfum Myndstefs hafa komið til framkvæmda.

Frádráttur frá réttindatekjum, höfundaréttargreiðslum og fylgiréttargreiðslum, var 20% til Myndstefs, áður en greitt var út til rétthafa.

Höfundaréttartekjur – innlendir aðilar: 1.825.581 kr. (ekki frá umsýslustofnunum)

Höfundaréttargreiðslur – erlendar greiðslur: 914.214 kr. (að mestu leyti frá erlendum umsýslustofnunum).

Erlendar greiðslur til Myndstefs árið 2022 vegna fylgiréttar námu kr. 415.277. (að mestu leyti frá erlendum umsýslustofnunum).

Ekki er sérstaklega dreginn frá umsýslukostnaður vegna greiðslna frá eftirfarandi aðilum:

Fjölís: 22.741.229 kr.

IHM: 42.909.821 kr. (kr. 28.223.298, uppbót fyrir árin 2017-2021 vegna gerðardóms, og greiðsla IHM samkvæmt hinum nýju útreikningum fyrir árið 2022 nam kr. 14.686.523)

Frádreginn umsýslukostnaður til Myndstefs var 3.951.062 kr. vegna fylgiréttar (innlent og erlent).

Frádreginn umsýslukostnaður til Myndstefs var 547.958 kr. vegna höfundaréttar / endurnot (innlent og erlent).

iv. fjárhæðum sem er úthlutað beint til réttihafa og koma frá öðrum sameiginlegum umsýslustofnunum, sundurliðuðum eftir flokki réttinda og stofnunum.

Erlendar greiðslur til Myndstefs námu 415.277 kr. fyrir fylgirétt, og 914.214 kr. fyrir höfundarétt fyrir árið 2022, og var úthlutað einstaklingsbundið til réttihafa í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram hér að ofan.

### 3. Upplýsingar sem ber að gefa í gagnsæisskýrslu.

a. fjárhæðirnar sem eru dregnar frá vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntunartengdrar þjónustu á fjárhagsárinu, sundurliðaðar eftir tegund tilgangs og, fyrir hverja tegund tilgangs, sundurliðaðar eftir flokki réttinda sem umsjón er höfð með og tegund notkunar,

Eins og fyrr segir er félagsleg, menningarleg og menntunartengd þjónusta Myndstefs afar sterk, og vísast í rök hér í kaflanum strax á eftir, um umfang hennar og mikilvægi. Ekki er til nákvæm útlistun þessarar þjónustu, en verður henni gerð nánari skil á næstu árum, en hér má þó finna gróft verðmat á þessari þjónustu fyrir árið 2022:

2022	<b>1. LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF</b>	Hvert mál fær að meðaltali 3 klst af lögfræðiráðgjöf og er hver klst metin sem 20.000 kr.
	lögfræðimál	60
		180 <b>3600000</b>
2022	<b>2. FRÆÐSLA - KYNNINGAR</b>	Hver kynning er metin á 50.000 kr, og hver fundur á 25.000 kr
	Myndlistardeild LHÍ	50000
	Hönnunardeild LHÍ	50000
	Bifröst - skapandi greinar mars 2022	50000
	Kynning Grafísk miðlun	50000
	Kynning ljósmyndarar Tækniskólinn	50000
	Kynning og fundur með FÍSL	50000
	<b>SAMTALS</b>	<b>300000</b>

2022	3. SAMSTARF - innlent	Hver kynning er metin á 50.000 kr, og hver fundur á 25.000 kr
	Kynning Félagsfundur FÍT	50000
	Kynning Harpa hjá Höfundaréttarfélag ísl	50000
	Kynning félagsfundur SÍM	50000
	Fundur stjórn SÍM - myndlistarstefna, listskreytignarsjóður, skattamál ofl	25000
	Ljósmyndamiðstöð Íslands	50000
	fundur ljósmyndamiðstöð Íslands	25000
	fundur ráðuneytið - hönnunarstefnan	25000
	Málþing í Hannesarholti um stefnur og tölfraði í listum	100000
	fundur FÍBÚT stjórn og Myndstef	25000
	fundur Hugverkastofa og Myndstef	25000
	Rafrænir fundir höfundafélaga vegna DSM, 6 fundir í heild	150000
	Ljósmyndarar sameinist, fundir og kynning, stofnun	100000
	Laganefnd IHM, 3 fundir á árinu	75000
	Fundur Björgvin IHM	25000
	fundur Helga Sigrún Fjölís	25000
	<b>SAMTALS</b>	<b>800000</b>

2022	4. SAMSTARF – erlendis	Hver kynning erlendis með undirbúningi er metin á kr. 100.000 og hver fundur 25.000. Ráðstefna hver dagur metinn á 100.000
	Kynning á EVA fundi um Eintakagerð til einkanota og aðra sameiginlega umsýslu höfundaréttar (collective licensing)	100000
	kynning á samnorrænum fundi í DK	100000
	Rafrænn CIAGP fundur í júlí, 2 dagar	200000
	fundur CIAGP í október	25000
	Rafrænn fundur EVA - auction houses	25000
	Rafrænn fundur EVA - DSM directive	25000
	fundur með Wolfgang Bildrecht (DE)	25000
	aðalfundur EVA, erindi og kynningar, 1 dagur	100000
	EVA summer forum, 1/2 dagur	50000
	<b>SAMTALS</b>	<b>650000</b>

SAMTALS kostnaður vegna félagslegrar, menningarlegrar og menntatengdrar þjónustu Myndstef vegna ársins 2022 er: **5350000**

b. útskýring á notkun þessara fjárhæða, sundurliðuðum eftir tegund tilgangs, þ.m.t. kostnaður við umsýslu fjárhæða sem dregnar eru frá til að fjármagna félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu og sérstakra fjárhæða sem notaðar eru fyrir félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu.

Á aðalfundi 2023 verður lagt til að ályktað verði um **félagslega, menningarlega og menntunartengda þjónustu Myndstefs.**

Myndstef hefur í áranna rás sinnt hinni ýmsu þjónustu samhliða hefðbundnum rekstri og umsýslu samtakanna. Hefur þetta helgast af venju en einnig sérstöku eðli fagsins. Myndhöfundar og sjónlistahöfundar er fjölmennur hópur á Íslandi (yfir 2700 meðlimir eru í Myndstefs, og einnig eru starfandi fjöldi af utanfélagsmönnum). Um er að ræða talsvert fjölbreyttan og sundurleitan hóp. Sjónlistahöfundar starfa bæði innan stofnana, fyrirtækja, en eru að langmestu leyti sjálfstætt starfandi verktakar. Að auki eru sjónlistarmenn að miklu leyti til einyrkjar, þ.e.a.s. starfa frekar einir en í hóp, og sjá oft á tíðum sjálfir um framleiðslu verka sinna, eða taka á sig önnur störf sem tengjast listsköpun sinni, svo sem samningamál, framleiðslu, sýningu, dreifingu og ýmis konar skrifinnsku og verkefnastjórnun sem fylgir listsköpuninni. Það mætti segja að sjónlistarmenn séu í mörgum tilvikum tilneyddir til að bera marga hatta, þó þau vilji flest hver einbeita sér á listinni. Hefur þetta einkennst af því að sjónlistir eru eflaust það fag lista sem hefur einna lægstu tekjur listamanna, og hafa því sjónlistarmenn ekki í djúpa vasa að sækja til að ráða sér aðstoð við yfirlestur samninga, samskipti við kúnna eða framleiðendur, eða ráðgjöf við framsal og sölu á verkum sínum. Félagsmenn Myndstefs greiða ekki félagsgjöld, hvorki aðildarfélög, réttthafar eða aðilar þeirra félaga, né aðilar í gegnum einstaklingsaðild.

En Myndstef leitast við eftir bestu getu að uppfylla þarfir félagsmanna sinna, og veitir því ýmis konar þjónustu til félagsmanna, og ber þar helst að nefna lögfræðiráðgjöf, og fræðslu um höfundarétt. Einnig fellur sumt samstarf, bæði innlent og erlent samstarf undir þessa þjónustu Myndstefs. Að endingu fellur ýmis stefnumótun, seta í nefndum, ráðgjöf og álitserðir undir þennan þátt, en Myndstef tekur þátt í stefnumótun sjónlistar hjá ráðuneytunum, og veitir ráðgjöf og framlag við helstu menningarstörf á sviði sjónlista, hvort sem stefnumótun er beintengd höfundarétti eða óbeint.

## LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF

Lögfræðingur Myndstefs veitir félagsmönnum endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf, upp að ákveðnu marki. Skulu félagsmenn senda samtökunum formlegt erindi þess efnis, ef lögfræðiaðstoðar er óskað. Slíkum beiðnum skal koma til samtakanna skriflega, í gegnum [myndstef@myndstef.is](mailto:myndstef@myndstef.is). Myndstef tekur ekki að sér mál að eigin frumkvæði, nema í algerum undantekningartilvikum. Að auki fara samtökin ekki með almennt eftirlit í einstaka málum.

Ef Myndstef tekur að sér mál er að jafnaði farið eftir skilgreindum verkferli. Um þann verkferil er nánað fjallað á blaðsíðu 21.

Árið 2022, komu 60 mál á borð Myndstefs. Sum tóku stuttan tíma í ráðgjöf, á meðan önnur voru þyngri. Sum mál voru sætt og sum náðu málalokum, en önnur þurfti að fella niður og rötuðu svo sum þeirra áfram til lögmanna til að freista úrlausnar. Einhver mál fengu talverða fjölmiðlaumfjöllun (t.d. Ásmundur Sveinsson og Fyrsta hvíta konan í Ameríku og Farangursheimild), og mál Hauks Halldórssonar um Heimskautsgerðið. Einhver mál rötuðu svo til dómsmála og eru nú í málarekstri (t.d. mál Huldu Hákon).

Að meðaltali fara um 3 klst. af vinnustundum lögfræðing í hvert mál, nema þegar um er að ræða umfangsmeiri mál, og geta þau mál tekið mun meiri tíma.

Ár	Fjöldi mála
2022	60
2021	63
2020	38*
2019	56

\* Árið 2020 rötuðu 38 mál inn á borð Myndstefs, en þá var lögfræðingur Myndstefs í fæðingarorlofi 6 mánuði.

## FRÆÐSLA - KYNNINGAR

Myndstef stendur árlega fyrir fjölmörgum kynningum og fræðslu til höfunda og notenda hugverka, og eru fyrirlestrar þessir og kynningar ókeypis. Myndstef heldur reglulega kynningar fyrir skóla og stofnanir sem annað hvort skapa mikið af höfundavörðum verkum, eða nota þau. T.d. Listaháskóli Íslands, Bifröst, Ljósmyndaskólann, Tækniskólann, Upplýsingatækniskólann, Myndlistarskóla Reykjavíkur o.s.frv. Að auki heldur lögfræðingur samtakanna kynningar fyrir notendur í ríkum mæli, t.d. samtök auglýsingastofa, 365 miðla, RÚV, Sýn, Birting og fleiri stórnotendur.

Jafnframt stendur Myndstef fyrir reglulegri fræðslu beint til félagsmanna sinna, og heldur til dæmis kynningar á félagsfundum eða aðalfundum félaga sinna, eða á sérstökum kynningarviðburðum. Voru slíkar kynningar fjölbreyttar á síðasta starfsári – til að mynda fyrir Félag íslenskra teiknara, ljósmyndamiðstöð Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, og FÓKUS, félag áhugaljósmyndara.

Myndstef vinnur einnig að því að taka upp kynningar og setja á internetið, og var nú síðast tekin upp skattakynning vegna nýrra skattalaga. Í bígerð eru einnig 3 nýjar örkyrningar um höfundarétt, sjónlistir og Myndstef.

VIÐAUKI I - Ársreikningur

**Myndhöfundasjóður Íslands**  
**Ársreikningur 2022**

Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík

Kt. 540891-1419

## Efnisyfirlit

---

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun og skýrsla stjórnar .....	3
Rekstrarreikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8
Sundurliðanir .....	10

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Myndhöfundasjóðs Íslands

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2022, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaáferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2022, efnahag hans 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim staðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Óhæði

Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í staðinni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afli nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaða byggjum við á faglegri dómgreind og beltum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhá innri eftirlitsaðgerðum.
- Við öflum skilnings á Innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.
- Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á Innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

### Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 12. júní 2023



Asbjörn Björnsson  
löggitur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.  
Borgartúni 30  
105 Reykjavík

## Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi sjóðsins er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta bóknánir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréltargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Þrír starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu 2022 í hlutastörfum.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2022 kr. 40.464.459. Elgið fé sjóðsins í árslok nam kr. 81.619.487. Á árinu 2022 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 18.000.000.

Á síðasta ári var unnið ótulllega að ýmsum málum innan Myndstefs. Má þar helst nefna að á árinu 2022 lauk máli varðandi ágreining milli félaga innan IHM, um skiptingu á IHM greiðslum. Gerðardómur féll í málinu þann 25. maí 2022. Niðurstaða dómsins var sú að hlutur Myndstefs hækkar úr 5,8% í 7%, fyrir tímabilið 2017-2027. Í lok árs barst Myndstefi greiðsla upp á kr. 28.223.298, vegna greiðslna fyrir árin 2017-2021 vegna gerðardómsins. Í tilefni af þessum áfanga var aukastyrkveiting á árinu 2023 og hafa þegar verið veittir styrkir fyrir 10 m.kr. Greiðsla IHM samkvæmt hinum nýju útreikningum fyrir árið 2022 nam kr. 14.686.523.

Á árinu var lögð áhersla á að efla alþjóðastarf og það eflit til muna með inngöngu Myndstefs í CISAC, sem eru alþjóðleg höfundaréttarsamtök. Jafnframt var skrifað undir samningskvaðasamninga við söfn og fleiri aðila. Sérstök áhersla var einnig lögð á að leggja ljósmyndurum lið við að stofna Ljósmyndamiðstöð Íslands, reghlífasmótök fyrir alla ljósmyndara, sem er mikilvægt skref áður en að DSM tilskipunin verður innleidd hér á landi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Myndhöfundasjóðs Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. júní 2023

Framkvæmdastjóri:

Vera Sveinbjörnsdóttir

Rósa Dagný Þorsteinsdóttir

## Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur	Skýr.	2022	2021
Höfundaréttartekjur .....	6	72.097.959	40.566.862
Fylgirettargjöld .....	7	5.561.066	9.937.840
		77.659.025	50.504.702
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	21.837.734	19.601.899
Annar rekstrarkostnaður .....	8	15.664.704	9.906.772
		37.502.438	29.508.671
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		40.156.587	20.996.031
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		376.896	35.479
Vaxtagjöld .....		(54.754)	(51.934)
Fjármagnstekjuskattur .....		(81.283)	(6.868)
Fjármagnsliðir fylgirettargjalda .....		67.013	12.003
		307.872	(11.320)
Hagnaður til ráðstöfunar		40.464.459	20.984.711
<b>Styrkveitingar</b>			
Verkefnastyrkir .....		(14.450.000)	(12.750.000)
Ferða- og menntunarstyrkir .....		(2.550.000)	(2.250.000)
Aðrar styrkveitingar .....		(1.000.000)	(1.250.000)
		(18.000.000)	(16.250.000)

## Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	2022	2021
<b>Veltufjármunir</b>			
Aðrar skammtimákröfur .....		278.000	133.013
Eignir fylgirettarsjóðs .....		15.388.165	19.378.465
Handbært fé .....		<u>84.270.082</u>	<u>62.852.747</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>99.936.247</u>	<u>82.364.225</u>

<b>Eignir samtals</b>	<u>99.936.247</u>	<u>82.364.225</u>
-----------------------	-------------------	-------------------

## 31. desember 2022

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2022	2021
<b>Eigið fé</b>			
Fylgiráttarsjóður .....		5.545.015	4.895.885
Annað eigið fé .....		<u>76.074.472</u>	<u>54.259.143</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>4</b>	<u><u>81.619.487</u></u>	<u><u>59.155.028</u></u>

### Skuldir

#### Skammtímaskuldir

Ógreidd höfundaréttargjöld .....		7.526.146	7.109.760
Ógreidd fylgiráttargjöld .....		9.843.150	13.482.581
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>947.464</u>	<u>2.616.856</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u><u>18.316.760</u></u>	<u><u>23.209.197</u></u>

<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>18.316.760</u></u>	<u><u>23.209.197</u></u>
------------------------	--	--------------------------	--------------------------

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>99.936.247</u></u>	<u><u>82.364.225</u></u>
------------------------------------	--	--------------------------	--------------------------

## Sjóðstreymi 2022

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2022	2021
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		40.156.587	20.996.031
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		40.156.587	20.996.031
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur .....	(144.987)		52.683
Skammtímaskuldir .....	(4.892.437)		2.617.229
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		35.119.163	23.665.943
Innborgaðar vaxtatekjur .....	376.896		35.479
Fjármagnsliðir fylgiritargjalda .....	67.013		12.003
Greidd vaxtagjöld .....	(54.754)		(51.934)
Greiddur fjármagnstekjuskattur .....	(81.283)		(6.868)
Handbært fé frá rekstri		35.427.035	23.654.623
Fjármögnunarahreyfingar			
Styrkveitingar ársins .....	(18.000.000)		(16.250.000)
Fjármögnunarahreyfingar		(18.000.000)	(16.250.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		17.427.035	7.404.623
Handbært fé í ársbyrjun .....		82.231.212	74.826.589
Handbært fé í árslok .....		99.658.247	82.231.212
Skipting handbærs fjár			
Fylgiritarsjóður .....	15.388.165		19.378.465
Myndhöfundasjóður .....	84.270.082		62.852.747

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknar fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiritargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Lögheimill sjóðsins er að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiritargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Laun og launatengd gjöld

	2022	2021
Laun .....	18.345.311	15.908.204
Launatengd gjöld .....	3.492.423	3.693.695
Laun og launatengd gjöld alls .....	21.837.734	19.601.899

Greidd voru laun til 3 starfsmanna í hlutastörfum en auk þess til 4 stjórnarmanna á árinu. Laun stjórnarmanna námu 2,2 millj kr.

## Skýringar

### 4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Fylgiráttar- sjóður	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	4.895.885	54.259.143	59.155.028
Afkoma ársins .....	1.649.130	38.815.329	40.464.459
Styrkveitingar .....	(1.000.000)	(17.000.000)	(18.000.000)
Eigið fé 31/12 .....	5.545.015	76.074.472	81.619.487

### 5. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

	2022	2021	2020	2019	2018
Höf.r.tekj. brúttó ...	74.282.616	42.716.006	41.094.524	52.607.371	24.820.050
Fylgir.tek. brúttó ...	19.755.147	36.079.987	21.862.191	11.479.495	19.880.304
Hagnaður .....	40.464.459	20.984.711	24.151.801	29.294.550	9.932.648
Styrkveitingar .....	(18.000.000)	(16.250.000)	(15.100.000)	(10.750.000)	(13.190.000)
Eigið fé .....	81.619.487	59.155.028	54.420.317	45.368.516	26.823.966

## Sundurliðanir

	2022	2021
<b>6. Höfundaréttartekjur</b>		
Fjolis .....	22.741.229	21.816.038
IHM .....	42.909.821	13.285.451
Samningar með samningskvöð .....	5.891.771	4.754.498
Aðrir innlendir aðilar .....	1.825.581	1.580.354
Erlendar greiðslur .....	914.214	1.279.665
	<u>74.282.616</u>	<u>42.716.006</u>
Hlutdeild höfunda .....	(2.191.837)	(2.288.017)
80% hlutdeild Myndstefs .....	7.180	138.873
	<u>72.097.959</u>	<u>40.566.862</u>
<b>7. Fylgirettargjöld</b>		
Fylgirettargjöld ársins innlend .....	19.339.870	35.156.511
Fylgirettargjöld ársins erlend .....	415.277	923.476
	<u>19.755.147</u>	<u>36.079.987</u>
Hlutdeild höfunda .....	(15.804.085)	(28.887.396)
	<u>3.951.062</u>	<u>7.192.591</u>
Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80% .....	1.610.004	2.745.249
	<u>5.561.066</u>	<u>9.937.840</u>
<b>8. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Lögfræðipjónusta/innheimta .....	6.645.330	1.938.988
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð .....	2.138.442	1.922.651
Bokhaldspjónusta .....	1.183.394	917.290
Önnur aðkeypt þjónusta .....	0	835.558
Tölvukostnaður og forrit .....	416.745	315.292
Húsaleiga .....	2.268.434	2.037.812
Annar rekstrarkostnaður fasteigna .....	142.922	33.086
Simi, Internet og póstburðargjöld .....	363.171	334.257
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	114.871	60.951
Annar skrifstofukostnaður .....	286.969	91.254
Ferðakostnaður .....	422.844	198.945
Gjafir og styrkir .....	11.980	75.777
Auglýsingar .....	69.399	24.301
Starfsmannakostnaður .....	375.626	318.255
Nefndarlaun .....	950.000	610.000
Fundakostnaður .....	194.615	91.041
Tryggingar .....	23.273	22.266
Annar kostnaður .....	56.689	79.048
	<u>15.664.704</u>	<u>9.906.772</u>

## Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

	2022	2021
<b>Uppruni fjár</b>		
Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning.....	5.561.066	9.937.840
Vaxtatekjur ársins .....	85.915	15.387
	<u>5.646.981</u>	<u>9.953.227</u>
<b>Ráðstöfun fjár</b>		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	46.822	26.364
Pökun Myndstefs.....	3.951.029	7.221.849
Styrkir.....	1.000.000	1.000.000
	<u>4.997.851</u>	<u>8.248.213</u>
<b>Breyting eign fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi.....</b>	<u>649.130</u>	<u>1.705.014</u>
<b>Til ráðstofunar</b>		
Handbært fé 31/12.....	15.388.165	19.378.465
	<u>15.388.165</u>	<u>19.378.465</u>
Ógreitt sérgreindum höfundum.....	(9.843.150)	(13.482.580)
Ógreiddur styrkur.....	0	(1.000.000)
	<u>0</u>	<u>(1.000.000)</u>
<b>Nettó eign sjóðsins 31/12 sbr. skýr 4 í ársreikningi.....</b>	<u>5.545.015</u>	<u>4.895.885</u>

## VIÐAUKI II - Stefnur

Stefnur um notkun fjármagns verða lagaðar fyrir aðalfund 2023.

Myndhöfundasjóður Íslands  
Skólavörðustíg 12, 101 RVK  
Sími 562-7711  
myndstef@myndstef.is  
www.facebook.com/myndstef

ISLANDS MYND HÖFUNDA  
MYND STEF  
SJÓÐUR



### Fyrir rétthafa

Rétthafar eiga rétt á endurgjaldi fyrir birtingu og endurnot verka sinna og rétt á fylgiréttargjaldi vegna endursölu verka eða sölu á uppboðum, alveg eins og tónlistarfólk á rétt á stefgjöldum vegna spilunar tónverka. Myndstef innheimtir gjöld og greiðir til rétthafa ársfjórðungslega. Myndstef úthlutar einnig styrkjum árlega til myndhöfunda.



### Fyrir notendur

Notendur geta leitað til Myndstefs varðandi fyrirspurnir og leiðbeiningar um endurnot. Myndstef auðveldar notendum að nýta sér verk myndhöfunda og sjónlistafólks með löglegum hætti, með því að hafa aðgengilega verðskrá á vefsíðu og aðgengilegar leiðir til að skila inn skilagreinum.



### Fyrir listaverkasala, gallerí og uppboðshús

Skylt er að greiða fylgiréttargjald við uppboð og endursölu. Myndstef á gott samstarf við endursöluaðila og tekur við fylgiréttargreiðslum vegna endursölu og uppboða og kemur þeim til höfunda og rétthafa. Sé ekki staðið í skilum er Myndstefi heimilt að áætla fylgiréttargjöld og eru slíkar áætlanir aðfararhæfar.